# F-u-n-d-a-r-g-j-ö-r-ð-a-b-ó-k.

fyrir:

kvenfélagið „Freyja“ í Víðidal.

Byrjuð á árinu

1926.

# Lög kvenfélagsins „Freyja" í Víðidal.

1. gr.

Félagið heitir „Freyja."

2. gr.

Félagssvæðið er Víðidalur allur.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að efla samúð og samvinnu meðal kvenna; ennfremur svo sem auðið er efla starfskrafta félaga sinna, í félagi og utan félags.

4. gr.

Til þess að hafa stjórn félagsins á hendi kýs félagið 3ja manna stjórn, formann, ritara og gjaldkera og aðra þrjá til vara. Á hverjum aðalfundi sé kosin stjórn félagsins, en skyld er hún að taka endur-

kosningu þrjú ár í röð.

5. gr.

Aðalfundur fél. sé haldinn í nóv. eða des. ár hvert.

6. gr.

Reikningsár fél. sé almanaksárið.

7. gr.

Umsögn úr fél. sé skrifleg, og ógild, nema komin sé til formanns fél. fyrir áramót. Einnig, að konur séu þá skuldlausar, er þær senda úrsögn.

8. gr.

Ári hverju eru kosnar tvær konur til þess, að endurskoða reikninga fél. og skal því starfi lokið fyrir aðalfund.

9. gr.

Formaður skal hafa á hendi allar framkvæmdir fél. Ritari skrifar allar fundargjörðir og annað, sem þarf að skrifa fyrir félagið. Gjaldkeri innheimtir og

varðveitir fé þess. Heldur kassabók yfir tekjur og gjöld og leggur reikning fram á aðalfundi.

10. gr.

Ársgjald félagsins er 2.00 kr. sem greiðist fyrir árslok.

11 gr.

Breitingar eða endurbætur á lögum geta aðeins átt sér stað á aðalfundi og skal hann lögmætur sé þriðjungur félagskvenna mættur.

12. gr.

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða. Fundir verða haldnir 4.–6 á ári. Annars getur stjórnin boðað til fundar þegar þörf krefur.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

(Lög þessi voru samþykt á fundi í Hrísum 7. nóv. 1917.)

# Freyja

## Kvenfélag í Víðidal, stofnað: 2.9.1917

| Nr. | Nafn. | Heimili | Inngang í fél. | Burtför úr fél. | Ath.: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Jónína S. Lindal | Lækjamót | 1917 | +1950. | Formaður Kvenfél. frá upphafi til dánardægurs. |
| 2. | Margrét Eiríksd. | Lækjamót | 1917 | | |
| 3. | Ingibj. Eysteinsd. | Auðunarst. | 1917 | 1919 | |
| 4. | Aðalh. Jónsdóttir | Hrísar | 1917 | +1931 | |
| 5. | Guðrún Jóhannesd. | Auðunarst. | 1917 | | |
| 6. | Kristín Gunnarsd. | Auðunarst. | 1917 | +1969. | Heiðursf. 1950. |
| 7. | Jóhanna Björnsd. | Víðidalst. | 1917 | +1966 | Heiðursf 1942. |
| 8. | Máltr. Kristmundsd. | Melrakkad. | 1917 | | |
| 9. | Hólmfr. Jóhannsd. | Melrakkad. | 1917 | | |
| 10. | Margr. Jóhannesd. | St. Ásgeirsá | 1917 | | Heiðursfélagi frá 1970. Ritari Kvenfél. frá 1919 - 1952 og 1956-1962 |
| 11. | Soffía Gutformsd. | Síða | 1917 | | |
| 12. | Guðrún Grímsd. | Valdarás | 1917 | | |

| | Nafn. | Heimili | Inngangа í fél. | Burtför úr fél. | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|
| 13. | Þóra Jóhannsd. | Stórhóll | 1917 | | |
| 14. | Guðrún S. Guðmund | Valdarás | 1918 | | |
| 15. | Soffía Stefánsd | Auðunarst | 1918 | | |
| 16. | Halld. Sigr. Jónsd. | Þorkelshóll | 1919 | | |
| 17. | Fríða Sigurbjörns | Sporður | 1919 | +1976 | heiðursfélagi frá 1974. Formaður frá 1950-1960. |
| 18. | Þórdís Pétursdóttir | Valdarás | 192 | +1945 | |
| 19. | Hrefna Hinriksd. | Kýpukot | 1924 | | |
| 20. | Gunnþ. Sigurðard | | 1925 | | |
| 21. | Sigurbj. Guttormsd. | Síða | 1925 | | |
| 22. | Herdís Jóhannesd. | Þorkelshóll | 1925 | | |
| 23. | Kristbj. Kristmunds | | 1926 | | |
| 24. | Margrét Heldal | Melrakkad. | 1926 | | |
| 25. | Anna Teitsdóttir | Bakki | 1928 | | Heiðursfélagi frá 1974. |
| 26. | Elín Jónsdóttir | | 1928 | | |
| 27. | Sigurbj. Þórðard | Brautarl. | 1928 | | |
| 28. | Elísabet Gíslad. | Hvarf | 1929 | | |

| Nr. | Nafn. | Heimili | Inngang í fél. | Burtför úr fél. | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|
| 29. | Ingiríður Vigfúsd. | Jörfi | | | |
| 30. | Sigurbj. Guðmunds. | Selás | 1932 | 1938 | |
| 31. | Herdís Bjarnad. | L-Ásgeirsá | 1932 | 1945 | |
| 32. | Jakobína Sigurvalds | Refsteinsst | 1933 | 1938 | |
| 33. | Anna Guttormsd. | Síða | 1933 | | |
| 34. | Herdís Sturlad. | Sólbakki | 1934 | | Heiðursfélagi formaður frá 1960 - 1963. |
| 35. | Sigríður Jónsd. | Hrafnsst | 1934 | | |
| 36. | Sigrún Jónsd. | Kolugil | 1934 | + 1955. | |
| 37. | Ingibj. Jónsd. | Laufás | 1934 | | Heiðursfélagi |
| 38. | Svava Benedikts. | Dalí | 1934 | | |
| 39. | Guðrún Daníelsd. | Melrakkad. | 1935 | 1963. | |
| 40. | Guðrún Guðmunds. | N-Fitjar | 1936 | 1955. | |
| 41. | Kristín Ásmunds. | N-Fitjar | 1936 | + 1980 | |
| 42. | Kristín Árnad. | Krókur | 1937 | 1971. | |
| 43. | Ólöf Pétursd. | Kambhóll | 1937 | | |
| 44. | Droplaug Guttorms. | Síða | 1938 | | |

| Nr. | Nöfn. | Heimili | Inngangu í fél. | Burtför úr fél. | Aths.: |
|---|---|---|---|---|---|
| 45. | Sigríður Jóhannesd. | St. Hvarf | | | |
| 46. | Hólmfr. Jónsd. | Jörfi | 1938 | 1947. | |
| 47. | Friðbj. Isaksd. | Hrísar | 1941 | + | |
| 48. | Sigr. Konráðsd. | Stórhóll | 1943 | 1980 | gjaldkeri frá 1961–1973. |
| 49. | Lilja Jóhannesd. | Ennishot | 1944 | | |
| 50. | Lára Jóhannesd. | F. Fitjar | 1944 | | |
| 51. | Jónína Árnad. | Finnmörk | 1944 | 1956 | |
| 52. | Erla Guðmundsd | Auðunarst | 1946 | | ritari frá 1952–1956 og 1962–1971. gjaldkeri frá 1973–79 heiðursfél. 1987. |
| 53. | Ingibj. Ólafsd. | Auðunarst. | 1946 | | |
| 54. | Jósefína Björnsd | Galtanes | 1946 | | form. frá 1969 til 1975 |
| 55. | Guðrún Ingadóttir | Hrafnsst. | 1948 | | |
| 56 | Ólína Sigtryggsdóttir | Litlu-Ásgeirsá | 1957 | | |
| 57. | Ingveldur Björnsdóttir | Dæli | 1958 | 1983 | |
| 58 | Elínborg Hallbjörsdóttir | Kambshól | 1958 | 1976 | Formaður frá 1963 til 1969. ritari frá 1971–1974. |
| 59 | Elínborg Ólafsdóttir | Miðhópi | 1963 | | Formaður frá 1975–1980 |
| 60 | Ingibjörg Danielsdóttir | Fóðukoti | 1963. | | + |

| Nr. | Nafn | Heimili | Inng. í félagið | brottför úr félaginu | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|
| 61 | Elísabet Sigfúsdóttir | Valdarási | 1967. | | ritari frá 1974 – 1981 |
| 62 | Sigríður Tryggvad | Efri Fitjum | 1968. | | gjaldkeri frá '79 – 1985 |
| 63 | Árný Jóhannesdóttir | Enniskoti | 1969. | 1972 | + |
| 64 | Ragnhildur Finnbogad | Hrappsstöðum. | 1970 | 1977 | |
| 65 | Halldóra Tryggvadóttir | Hrappsstöðum. | 1972 | | |
| 66 | Erla Pétursdóttir | Litlu Hlíð. | 1973. | 1982 | |
| 67. | Þórdís Lárusdóttir | Þórukoti | 1974. | 1984 | |
| 68. | Elín ~~Líndal~~ [illegible]adóttir | Lækjamóti | 1975 | | |
| 69. | Birna Tryggvad. | Hrappsstöðum | 1975 | 1982 | |
| 70. | Sigurlaug Ingvarsd | Bakka | 1975 | 1986 | |
| 71. | Jónína Sigurðard | Kolugili | 1975 | | Ritari frá 1981 - 1987 |
| 72. | Vilborg Jónsd | Hrísum | 1976 | | form frá 1980 – 1989 |
| 73. | Sigrún Ólafsd | Sólbakka | 1976 | | |
| 74. | Sesselja Stefánsd | Enniskoti | 1976 | | gjaldkeri frá 1985 |
| 75. | Jónína Hallgrímsd | Birkihlíð | 1977 | | |
| 76. | Ingibjörg Sigurvaldad | Litlu-Ásgeirsá | ~~1977~~ 1977 | | |

| NR | Nafn | Heimili | inn í félagið | brottför úr félagi | |
|---|---|---|---|---|---|
| 77 | Dagbjört Sveinsdóttir | Laufási | 1979. | 1986 | |
| 78. | Herdís Sigurbjartsdóttir | Gröf | 1980 | 1986 | |
| 79 | Brynhildur Gísladóttir | Víðidalstungu | 1978 | | |
| 80 | Steinunn Guðmundsd. | Jörfa | 1977 | | formaður frá 1989 |
| 81 | Valdís Valdimarsd. | Galtanesi | 1981 | | |
| 82 | Sigríður Magnúsd | St-Ásgeirsá | 1983 | | Ritari frá 1990 |
| 83 | Jóhanna Sigfúsd | Gröf | 1983 | 1986 | |
| 84 | Sigrún Valdimarsd | Dæli | 1984 | | |
| 85 | Jónína Ögn Jóhannesd | Galtanesi | 1984 | | |
| 86 | Elín Jónasd | Hrappsstöðum | 1984 | 1986 | |
| 87 | Oddný Jósefsdóttir | Sporði | 1983 | 1990. | Ritari frá 1987 - 1990 |
| 88 | María Pétursd. | Víðidalstungu | 1962 | | |
| 89 | Ingunn L. Bjarnad. | Árnesi | 1988 | | |

34. fundargjörð.

Aðalfundur var haldinn í Kvenfél. Freyja að Auðunnarstöðum 30. okt. 1926. 9 félagskonur voru mættar.
Fyrst voru lagðir fram reikningar fél. ~~og~~ frá síðasta ári og voru þeir samþyktir með öllum atkvæðum.
Þá voru lesin upp lög fél. og voru þau samþykt með öllum atkvæðum. Formaður fél. bar upp þá tillögu, að hækka tillag í sjóð Kvennabandsins upp í 50 aura úr 15 aurum. Var till. borin upp og samþykt með öllum atkvæðum. Þá voru yfirfarnir reikningar frá tombólu, sem haldin var síðastliðið vor. Kom inn fyrir hana „netto" tekjur 157,00 Kr. Enn fremur voru yfirfarnir reikningar frá réttardögunum. Hreinar tekjur frá þeim dögum eru 110,00 Kr. Síðast voru spunavélareikningarnir athugaðir. Voru þeir bókaðir í sérstaka bók fyrir Kvenfél.
Þá var rætt um námsskeið, sem Kvenfél. ætlar sér að halda í vetur, en sökum þess, að þátttaka hefir ekki orðið eins mikil og búist var við, var ekki hægt að ákveða það að sinni. Að síðustu bar Aðalheiður Jónsd. upp tillögu, sem

samþykt var með öllum atkvæðum. Hún er svo hljóðandi:
„Fundurinn ákveður að halda skemtisamkomu á þessum vetri til ágóða fyrir viðbaðstæki í sjúkraskýlið á Hvammstanga."
Stjórn fél. var endurkosin með öllum atkvæðum.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði því formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

## 35. fundargjörð.

15 jan. 1927. var fundur haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Víðidalstungu.
Formaður setti fundinn og kaus fyrir fundarstjóra Aðalheiði Jónsd. Kaus svo fundarstjóri Margréti Jóhannesdóttur fyrir ritara. Á dagskrá voru þessi málefni:

1. Skipulag félaga.
2. Fundur á Blönduósi.
3. Fulltrúar á sambandsfund.

Formaður fél. var frummælandi að fyrsta málefni, taldi hann þörf á, að kjósa nefndir kvenna, til að kynna sér betur þjóðfélagsmálefni, í sambandi við konur í Reykjavík, sem staðið hafa fyrir þeim málum.
Næst talaði fundarstýra. Taldi hún nauðsyn á að kjósa í nefndir, til að hrinda ýmsum málum áfram, einnig í þessa nefnd til að starfa heima í sveitinni og leita upplýsinga um ýms þjóðfélagsmál, en ekki taldi hún nauðsyn á að það væri í sambandi við Reykvískar konur. Svohljóðandi till. kom frá formanni fél. í nefndamálinu: „Fundurinn samþykkir að kosnar séu fasta-nefndir, sem starfi árlangt og gefi skýrslu um starfsemi sína á aðalfundi.“
Nefndirnar séu: „Heimilisiðnaðarnefnd, Skemtinefnd og Réttarnefnd.“ Var till. borin upp og samþykt með öllum atkvæðum. Í heimilisiðnaðarnefnd voru kosnar:
Aðalheiður Jónsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir, Þórdís Pétursd. Herdís Jóhannesd. og Margrét Jóhannesdóttir.
Í skemtinefnd hlutu kosningu: Aðalheiður Jónsdóttir

Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Margrét Kristmundsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
Í rétttarnefnd: Fríða Sigurbjörnsdóttir, Margrét Kristmundsd. Jónína Líndal, Kristbjörg Kristmundsdóttir og Hrefna Hinriksdóttir.
3 fjmál á dagskrá: „Fulltrúar á sýslusambandsfund.
Formaður félagsins taldi nauðsyn á að kjósa fulltrúa á sambandsfund, sem hugsað er að hafa í apríl n.k. að Söndum. Fundarstýra taldi sjálfsagt að vanda vel til þeirra kosninga, helst að fulltrúar ákvæðudu sig fyrir fram hvaða málefni þeir báru fram á fundinum fyrir deildirnar og gæfu svo skýrslu um starf fundarins heima í félögunum á eftir.
Kosningu hlutu til að mæta sem fulltrúar á fundi í „Kvennabandinu“ Aðalheiður Jónsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði þvi fundarstýra fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

# 36. Fundargjörð.

Þann 24. júlí 1927 var fundur settur og haldinn að Hrísum í Kvenfélaginu „Freyja". Frú Jónína Líndal setti fundinn og valdi fyrir ritara Sigríði Jónsdóttir.
Formaður sagði frá fundi norðlenskra kvenna, sem haldin var á Blönduósi í júní sama ár.
Þar hafði fröken Rannveig Líndal haft framsögu í garðrækt- ar máli. Fundurinn taldi mjög áríðandi að hrinda því sem lengst áleiðis, sérstaklega matjurtagörðum, og svo líka skrautblóma rækt. Frú Aðalheiður stóð upp og talaði um að það væri sérstaklega ánægjulegt, ef sem flestar konur gætu verið búnar að koma upp garði hver hjá sér 1930.
Næsta mál á dagskrá hafði verið heilbrigðismál, flutt af frú Hansínu Benediktsd. Þar hafði komið fram raddir um að heilsufari þjóðarinnar hnignaði stórum fyrir óholla fæðu og sérstakl. væri slæmt, hvað fólkið héldi dauðahaldi í sætar kökur og kaffidrykkju. Sömuleiðis óhagkvæmni fatnaðar. 3. mál, heimilisiðnaðarmálið.
Fröken Halldóra Bjarnadóttir hafði haldið því fram að

best væri að láta börnin í skólunum sýna eitthvert laglegt handavinnustikki að vorinu, því þá myndi metnaður og samkeppni færast í vögst. Samband norðlenskra kvenna hefir með höndum að fá sýnishorn af íslenskum iðnaði til að geta svo pantað eftir til að hafa í útsölum viðsvegar að. 4. mál á dagskrá, seimentum kvenna. Frú Jónína Líndal hafði þar framsögu. Hún hélt langt erindi og snjalt um það mál. Hún sagði frá, að hún ásamt öðrum konum hefði verið kosin, til að halda við húsmæðra fræðslu í sveitum. Þær ræddu um fjár~~veitingar~~ beiðni til búnaðarþingsins, en var neitað um. 5. mál, íslenski kvenbúningurinn. Frú Aðalheiður sagði frá því, sem fram hefði komið um það mál. Það þykir stórum óviðeigandi, hvernig konur yfirleitt klæða sig. Það kom fram breytingartillaga með upphlutinn. Sérstaklega stytta pilsið og hafa bekk í svuntunni, en fremur að búa út sérstaka húfu úr léttu og góðu efni líka að formi og skarðahúfuna gömlu, sem notaðar voru við samfelluna. En aðallega væri nú peysufötin álitinn þjóðlegur búningur. Hún endaði sína góðu ræðu með því, að óska eftir að skólarnir

og heimilin vildu nú taka höndum saman og koma sér upp búning í gamla stílnum, sem gæti gengið í arf til eftirkomendanna. 6. mál, uppeldismál. Framsögu hafði frú Aðalheiður Jónsdóttir. Þar kom fram tillaga um, að fá séra Magnús Helgason til að koma í fyrirlestrarferð norðan um land. Samþykkt af fundinum að fá hann, eða einhvern annan ágætann til að takast þetta á hendur. Samband norðlenskra kvenna veitir styrk til þess ferðalags. Fundurinn er samþykkur því, að taka þátt í kostnaði af skemtiferð, sem konur tóku sér, að afloknum fundi á Blönduósi, fram í Vatnsdal: kr. 8,30 aurar.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

37. fundargjörð.

30. ágúst. 1927 var fundur haldinn í kvenfél. „Freyja“ að Víðidalstungu. Formaður fél. mætti ekki, en í hans stað stjórnaði varaformaður Aðalheiður Jónsd. fundinum.
Beiðni hafði komið til félagskvenna, frá húsfrú Hansínu

Guðmundsd. Hvarfi, um að mega hafa kaffisölu á réttard. í stað Kvenfélagsins. Var Hansína mætt á fundinum og ræddu félagskonur um, hvernig þessu yrði best hagað fyrir hana. Eftir talsverðar umræður og athuganir á því, hvernig á stæðum Hansínu væri háttað, samþykkti fundurinn að Kvenfél. stæði fyrir kaffisölunni sem að undanförnu, en léti henni eftir allan ágóða. Var hún félagskonunum mjög þakklát fyrir þessa ákvörðun, því hana vantaði öll áhöld og alt, sem til þurfti. Fleiri mál voru ekki rædd á fundinum og sagði því formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

38. fundargjörð. 19. nóv. 1927

Fundur var settur og haldinn að St.-Ásgeirsá, í Kvenfél. „Freyja". 5 félagsk. mættar. Formaður stýrði fundinum og kaus fundarritara Margréti Jóhannesd.
Formaðurinn taldi ekki fært að hafa þessa aðalfund, sökum þess, hvað fáar konur voru mættar.
Málefni fundarins voru:

1. Réttardagurinn.
2. Spunavélareikningarnir:
Fríða Sigurbjörnsdóttir og gjaldkeri fél. Kristín Gunnarsd. skýrði frá því, hvað inn hefði komið á réttardagin fyrir kaffisölu. Hreinn ágóði af sölunni voru kr. 61,00. Svo gekk af 9 kgr. sykur, 6 kgr. brauð, 1 kgr. kaffi og 1 1/8 kgr. export. Kvenfél. ákvað á fundi, sem haldin var í ágúst, að tekjurnar af kaffisölunni gengju til húsfrúr Hansínu Guðmundsd. Hnappi. Fundurinn var þessum gjörðum samþykkur og ákvað að láta ganga til hennar peningana, kr. 61,00 og afganginn af úttektinni.
Spunavélareikningarnir voru gerðir upp frá vetrinum. Borguðu konur af því, sem spunnið hefði verið á vélina og er það látið í sérstakan sjóð.

Fundi slitið.
Magnús Jóhannesd.
(ritari.)

# 39. Fundargjörð.

Árið 1927, 13. des. var fundur settur og haldinn í kvenfél. Freyja að Auðunnarstöðum. 7 félagsk. mættar.
Formaður gat þess, að þessi fundur yrði að teljast aðalfundur, sökum þess, að svo fáar konur mættu á síðasta fundi, að hann gat ekki talist aðalfundur.
Formaður las upp reikninga fél., voru þeir samþyktir með öllum atkvæðum. Lög fél. voru ekki lesin upp, þótti ástæðulaust að breyta þeim í nokkru.
Þá voru athugaðar nefndir fél. sem kosnar voru á síðasta aðalfundi. Skemtinefndin var endurkosin í einu hljóði.
Í heimilisiðnaðarnefnd hlutu kosningu:
Jónína Líndal, Aðalheiður Jónsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir og utanfélagskona Þórunn Björnsdóttir Miðhópi.
Í réttarnefnd voru kosnar. Jónína Líndal, Margrét Kristmundsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Hrefna Hinriksdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
Þá var rætt um skemtisamkomu.

Ákveðið var, að hafa skemtun að Auðunnarstöðum milli jóla og nýjárs.
Að síðustu las formaður upp eftirfarandi áskorun:
„Kvenfél. Freyja í Víðidal leyfir sér hér með að skora á háttvirta sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu að beita sér fyrir því, að láta rannsaka hvort ekki myndi fást hentug jörð fyrir héraðsskóla hér í Vestur-Húnavatnssýslu og viljum við sérstaklega benda á Ytri-Reyki í Miðfirði sem æskil. væri að rannsaka, hvort ekki myndi hentug skólajörð sakir jarðhita, o. fl. Og reyndist hún hentug skólajörð viljum við skora á sýslunefnd að kaupa hana fyrir skólasetur."
Eftir talsverðar umræður um þessa áskorun, var hún samþykt með öllum atkvæðum.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannsdóttir.
(ritari.)

40. fundargjörð.

Fundur var haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Víðidalstungu 22. júlí 1928. Formaður setti fundinn og stýrði honum.
Kosinn ritari fundarins, Margrét Jóhannsdóttir.
Formaður lýsti ánægju sinni yfir því, að Kvenfélagskonur gætu komið saman í svona indælu veðri og setið á fundi úti.
Á dagskrá voru þessi málefni:

1. Skýrsl frá fundi S. N. K.
2. Tala um samkomur félagsins.
3. Garðyrkjukona.

Aðalheiður Jónsdóttir, sem kosin var fulltrúi af Kvennabandi Vestur-H. til að mæta á fundi S. N. K., sem haldinn var á Sauðárkróki 23. júní. o. l., skýrði frá málefnum, sem þar voru tekin til umræðu. Rakti hún mjög ítarlega öll mál sem þar voru rædd og var ánægjulegt að heyra það, sem hún hafði af fundinum að segja.
Formaður fél. þakkaði ræðukonu í nafni félagskvenna fyrir að hafa mætt á fundinum og fyrir skýrsluna, sem hún gaf af honum.

Gjaldkeri fél: Kristín Gunnarsdóttir skýrði frá tekjum þeim, sem fél. hefir haft af skemtunum sem haldnar hafa verið á árinu.
Formaður fél: talaði um, að ánægjul. væri að konur gætu komið sér upp skrúðgörðum, þó í smáum stíl væri, þeim til ánægju og áleit hún að það væri hægt að fá hjálp til þess, ef áhugi væri nógur hjá konunum, til þess að hrinda því af stað. Létu konur eindregna ánægju í ljósi yfir því, ef hægt væri að koma þessu í framkvæmd.
Þá voru kosnir fulltrúar til að mæta á fundi K. V. H. Kosningu hlutu: Aðalheiður Jónsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir.
Að síðustu talaði Aðalheiður Jónsdóttir um, að ánægjulegt væri að kvenfél. tæki að sér að gangast fyrir því að prýða að einhverju leyti kirkjuna hér í sveitinni.
Var þetta mál rætt og því næst var borin upp svo hljóðandi till: „Kvenfél. Freyja tekur að sér að kaupa í kirkjuna altarisklæði og altarisdúk á næsta ári og hefir í hyggju að afla sér fjár til þess í framtíðinni.

Tvær konur bættust í fél. Anna Teitsdóttir Bakkakoti og Elín Jónsdóttir Valdarásseli.
Að því loknu sagði formaður fundi slitið.

Jónína S. Líndal  Margrét Jóhannesdóttir
(fundarstjóri.)  (ritari.)

41. fundargjörð.

Árið 1928, 31. okt. var aðalfundur kvenfélagsins „Freyja" settur og haldinn á Stóru-Ásgeirsá. Á fundinum voru mættar 8 félagskonur. Formaður setti fundinn og nefndi fyrir skrifara Aðalheiði Jónsdóttir. Fyrst las formaður upp ársreikninga félagsins, sem voru svo samþyktir. Næst gaf formaður skýrslu um tekjur af kaffisölunni réttardaginn 1928. Netto tekjur voru 100,00. kr.
Á fundinum bættist við ein félagskona, Sigurbjörg Þórðardóttir Galtanesi.
Síðan las formaður upp bréf frá formanni Þingvallanefndar Vestur-Húnavatnssýslu, þess efnis að leita álits félagskvenna um eftirfarandi atriði:
1. Skulu allir þeir V.-Húnvetningar, sem mæta á Þing-

völlum 1930, mota í flokk? Eiga þeir að hafa sérstakt merki fyrir V.-Húnavatnssýslu? Og hvernig ætti það að vera?
Að því búnu kom formaður með fyrirspurn til félagskvenna hvort þær vildu fá garðyrkjukonu þá, sem vinnur að tilhlutun Búnaðarfél. Íslands á næsta vori, ef hún fengist. Nokkrar þeirra gáfu sig fram og óskuðu eftir að fá hana.
Svo var kosið í ársnefndir félagsins.
Í skemtinefnd voru kosnar: Margrét Jóhannesdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Aðalheiður Jónsdóttir, Sigurbjörg Þórðardóttir, Margrét Kristmundsdóttir.
Heimilisiðnaðarnefnd var endurkosin.
Í réttarnefnd voru kosnar: Herdís Jóhannesdóttir, Þórdís Pétursdóttir, Margrét Kristmundsdóttir, Sigurbjörg Þórðardóttir, Margrét Jóhannesdóttir.
Fleira var ekki tekið til meðferðar. Fundargjörð upplesin.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

42. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Auðunnarstöðum í kvenfél. „Freyja“ 23. jan. 1929. 6 félagskonur voru mættar. Formaður setti fundinn og stýrði honum og kaus fyrir ritara, Margréti Jóhannsdóttir.

Formaður las upp bréf frá „Kvenréttindafél. Íslands“ viðvíkjandi ekkna styrk, sem það er að reyna koma á til bágstaddra ekkna. Hefir það talsvert unnið að því máli og óskar eftir almennri þátttöku í því. Fyrirspurnir fylgdu þessu bréfi, sem á að svara fyrir hverja ekkju og verður það svo sent til framkvæmdarnefndarinnar í Reykjavík. Var rætt um þetta af félagskonum og var síðan borin upp munnleg tillaga af formanni, þess efnis, hvort konur vildu sinna þessu máli og var hún samþykkt með öllum atkvæðum. Ein utansveitarkona, Marsibil Sigurðardóttir Urðarbaki óskaði eftir inntöku í fél. Konur samþykktu að hún væri með ánægju tekin í fél. en spunavélin yrði ekki látin ganga út úr sveitinni. En ef tími innist til

væri henni leyfil. að hafa not af henni hjá einhverri félagskonu. Fleira lá ekki fyrir fundinum og sagði formaður því fundi slitið.
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

43. fundargjörð.

Þriðjudaginn 2. april 1929 hélt Kvenfélagið „Freyja" fund að Stórhól. 9 félagskonur voru mættar, svo gekk ein ~~félags~~kona í félagið, Elísabet Gísladóttir Hvarfi. Formaður stýrði fundinum og nefndi fyrir ritara: Fríðu Sigurbjörnsdóttir.
Formaður bauð félagskonur velkomnar og sagði það gleddi sig, að sjá svo margar konur samankomnar og ekki síst að sjá nýja meðlimi.
Gjaldkeri fél. skýrði frá ágóða, sem fél. hlotnaðist af skemtun, sem haldin var á Hvítdunnarstöðum 2. febr. s. l. Ágóðinn var hér um bil 110 kr.

Formaður sagði frá því, að hún hefði grenslast eftir því, hvort ekki yrði hægt að fá garðyrkjukonu í vor. Sagði hún að þær hefðu verið ráðnar. En hún sagðist vonast eftir því, að hægt yrði að fá hana næsta vor. Hún sagði frá því, að fröken Lilja Sigurðardóttir frá Víðivöllum yrði á ferð um næstu helgi, hún sagðist hafa símað til hennar og fengið hana til þess að koma við á Söndum í Miðfirði, til þess, að segja þeim frá reynslu sinni í þessum efnum. Er ákveðið að halda sambandsfund um leið.

Þær konur, sem vilja fá garðyrkjukonu á næsta vori eru þessar: Kristín Gunnarsdóttir, Herdís Jóhannesdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Aðalheiður Jónsdóttir Jóhanna Björnsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Anna Teitsdóttir

Þessar konur voru kosnar fyrir fulltrúa á sambandsfundinn Margrét Jóhannesdóttir og Aðalheiður Jónsdóttir.

Aðalheiður Jónsd. talaði um félagsmál. Hún talaði um það, að það gleddi sig að fél. væri að eflast og hvað altaf hefði verið góð eining í félaginu. Hún talaði

vel og snjalt um það, sem upphaflega hefði verið mark-
mið þessa félags, að fara okkur nær hvor annari í and-
legum skilningi. Hún mintist þess að félagið hefði ákveð-
ið að kjósa konu á hverjum fundi, til þess að skemta
með einhverju, sem henni hugkvæmdist í það og það sinnið.
Hún sagðist ætla með leyfi húsbanda og fundarkvenna að
gefa okkur öllum dálitla mynd, en þá mynd tók hún
úr grein, ágætlega gáðri, en hún las upp fundinum til
ánægju.
Hún sagði að upphaflega hefði það verið tilgangur
til að þroska konur í allri samvinnu, æfa þær í að tala
í ræðuformi og halda uppi almennum fundarsköpum.
Framsögum. flutti þessa tillögu: „Fundurinn ákveður
að kvenfélagskonurnar haldi almenn fundarsköp, til þess
að æfa sig í að flytja áhugamál sín í ræðuformi."
Breytingartillaga frá formanni: „Fundurinn samþykkir
að félagskonur haldi almenn fundarsköp og standi upp
úr sæti sínu og tali, svo framarlega sem hún félagsk. sín
mætir." Breytingartill. var feld, en hin var samþykt með

öllum greiddum atkvæðum.
Fundurinn leggur til, að, að kvenfélagið „Freyja“ kaupi „19 júní“ framvegis og lesi blaðið á fundunum.
Þessi tillaga samþykkt.
Fundurinn ákvað, að kjósa vissar konur á hverjum fundi í málefna-nefnd og er það hugmyndin að þær komi með málefni, sem geti orðið til almennrar umræðu.
Kosningu hlutu: Aðalheiður Jónsdóttir og Elín Jónsdóttir
Einnig voru kosnar til að skemta á næsta fundi: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Heimilisiðnaðarnefndin hefir ákveðið að halda sýningu ef nægileg þátttaka fæst, í sveitinni í vor.
Fleira var ekki rætt. Fundargjörðin lesin upp.
Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

# 44. fundargjörð.

Sunnudaginn 18. ágúst 1929 var fundur haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að Lækjamóti. 7 félagskonur voru mættar. Formaður félagsins setti fundinn, bauð konur velkomnar og nefndi til ritara Herdísi Jóhannesdóttir.
Síðan las hún upp fundargjörð S. N. K. frá 1929.
1. málefni fundarins: Trjáreitur; framsögum.: Jónína Líndal
Taldi hún æskilegt að komið yrði upp sem flestum blómagörðum í sveitinni. Talaði um að félagskonur tækju sig saman með hjálp unglinganna að koma upp blómagarði á einhverjum fallegum og vel völdum stað um mið dalinn. Sagði að með því vaknaði áhugi fyrir blómaræktinni hjá fólki. Það lærði einnig á því. Fundarkonur voru málinu mjög meðmæltar. Málið tekið út af dagskrá.
2. málefni: Orgel í Víðidalstungukirkju. Frams. k: Jónína Líndal
Taldi hún nauðsyn á, að fengið yrði nýtt orgel í kirkjuna. Framsögum. bar fram svohljóðandi tillögu: „Fundurinn sam

þykkir að gangast fyrir fjársöfnun til þess að kaupa orgel í kirkjuna." Tillagan samþykt með öllum greiddum atkvæðum. Lítið eitt var minst á réttardaginn. Talað um að kvenfél. stæði fyrir kaffisölu eins og að undanförnu.
Fríða Sigurbjörnsdóttir skemti með því að lesa upp tvö falleg kvæði eftir St. frá Hvítadal.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

45. fundargjörð.

14. nóv. 1929 hélt kvenfélagið „Freyja" fund að Stóru-Ásgeirsá. Fyrst var rætt um kaffisöluna á réttardaginn. Netto tekjur af sölunni voru 153 kr. 06 aurar.
Ákveðið var að byrjað yrði að nota spunavélina í Melrakkadal, svo á hún að fara að Hrísum, Stórhól, Auðunnarstöðum, Galtanesi, Lækjamóti, Stóru-Ásgeirsá og Víðidalstungu. Tekjur af spunavélinni næst liðið ár voru 40-50 kr. Fundi slitið.

46. fundargjörð.

Fundur var haldinn að Auðunnarstöðum 20. des. 1929 í kvenfél.
„Freyja" Formaður stýrði fundinum og kaus fyrir ritara
Margréti Jóhannesdóttir. 7 félagsk. voru mættar, ~~[illegible]~~ ekki var
hægt að hafa það aðalfund. Engin sérstök málefni lágu
fyrir fundinum, en tillaga kom frá Kristínu Gunnarsdóttir
þess efnis að kvenfél. gæfi Hansína Guðmundsdóttir frá Hvarfi
100 kr. um jólin. Voru konur þessu samþykkar. Var ákveðið að
skýra henni frá þessari gjöf um jólin og senda henni svo pen-
ingana þegar tækifæri gæfist.
Formaður fél. hvatti fundarkonur til þess að hafa í huga að
vinna eitthvað á landsýninguna næsta vor og reyna safna munum
annarsstaðar frá, ef um einhverja væri að ræða.
Reikningar félagsins voru lesnir upp og samþyktir.
Fleira var ekki gjört á þessum fundi og sagði formaður fundi
slitið.

Margrét Jóhannesdóttir. (ritari.)

47. fundargjörð.

Fimtud. 26. júní 1930 var fundur haldinn í Bakkakoti af kvenfélaginu „Freyja“ í Víðidal. 7 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og stýrði honum og nefndi til ritara Kristínu Gunnarsdóttir.
1. málefni: „Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvetningagoða.“
Hinn upphaflegi frummælandi þessa máls Aðalheiður Jónsdóttir lagði þá fram skipulagsskrá þá er samin hafði verið fyrir sjóðinn. Var hún lesin upp og rædd lið fyrir lið og síðan samþykt.
Skipulagsskráin hljóðar þannig:

1. gr.

„Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Þorgeirs Ljósvetningagoða.“

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður fyrir forgöngu kvenfél. Freyja í Víðidal um alþingishátíðina 1930.

3. gr.

Tilgangur sjóðsstofnunarinnar er, að leitast við að efla hjá

unglingum í Þorkelshólshreppi þá eiginleika, sem virðast hafa verið landskunnir hjá Þorgeiri Ljósvetningagoða, sem sé, sannur drengskapur og fórnfýsi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi 2 konur úr stjórn Kv. fél. „Freyja" í Víðidal ásamt hreppstjóra Þorkelshólshrepps.
Hætti Kv. fél. „Freyja" störfum, þá hafi á hendi auk hreppstjóra stjórn sjóðsins, sýslunefndarmaður hreppsins og þriðji maður, sem sé skipaður af sýslumanninum í Húnavatnssýslu.

5. gr.

Stjórn sjóðsins veiti móttöku öllu því er sjóðnum kann að áskotnast og sér um að ávaxta hann á sem arðvænlegastann (hátt) og tryggastann hátt.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðin það stór að stjórn hans sér sér fært að taka rentur hans eða hluta af honum, skal hún fá viðurkendan ágætismann, er hún treystir, til þess að halda námskeið

fyrir unglinga í Þorkellshólshreppi 12-18 ára, er kenni þeim andlega og líkamlega og drengilega framkomu í hvívetna, hliðstætt því, sem skátar kenna.

7. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar í Þorkellshólshreppi skipi tvo hæfa menn til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, sé því lokið fyrir 27. júní ár hvert."

Var síðan ákveðið að láta samskotalista ganga um sveitina til þess að sem flestum gæfist kostur á að vera með.
Síðan kom fram till. frá formanni er hljóðaði þannig:
„Fundurinn leggur til, að hver félagskona leggi árlega fram 1,00 kr. til styrktar sjóðnum." Till. samþykt.
2. málefni: Barnasamkoma.
Eftir áskorun frá Elínu Jónsdóttir, leitaði formaður fyrir sér hvort félagskonum fyndist ekki tiltækilegt að hafa barnasamkomu í sumar. Eftir dálitlar umræður kom fram svohljóðandi

till: „Fundurinn leggur til að haldin verði útisamkoma fyrir börn um 14 sumarhelgina og kosin verði 3ja kvenna nefnd til framkvæmda." Till. samþykt. Kosningu hlutu: Jónína S. Líndal, Jóhanna Bjarnsdóttir og Elín Jónsdóttir. Aðalheiður Jónsdóttir var kosin til að segja nokkur orð, börnunum til uppbyggingar og ánægju.

3. málefni: Orgelsjóður.

Formaður skýrði frá samskotum þeim, er komið hefðu til orgel-kaupa í kirkjuna. Fundurinn ákvað að leggja það á sjóð.

4. málefni: Garðyrkja

Formaður skýrði frá að samkvæmt síðustu fundargjörð hefði hún leitað sér upplýsinga um hvort ekki fengist styrkur til að koma upp almennum „Lystigarði." Hefir S. N. K. sent 50,00 kr. til styrktar þeirri hugmynd. Síðan var samþykt svohljóðandi tillaga: „Fundurinn skorar á Jakob H. Líndal að velja stað fyrir „Lystigarð" fyrir sveitina og vill hafa hann á þeim stað er hann velur." Málefnanefnd til næsta fundar: Fríða Sigurbjörnsd. og Kristín

Gunnarsdóttir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir. (ritari.)

48. fundargjörð.

30. nóv. 1930 var aðalfundur settur og haldinn í Kvenfél. Freyja að Auðunnarstöðum. 8 félagskonur voru mættar. Formaður setti fundinn og stýrði honum og hans fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttir.

Málefni fundarins voru:

1. Réttardagurinn. Réttarnefndin skýrði frá störfum sínum þá daga. Það sem inn kom fyrir kaffisölu í alt var 300,00 kr. Netto tekjur 186,97 kr. aur. Formaður þakkaði nefndinni góða frammistöðu á þessum dögum og óskaði eftir að í framtíðinni yrðu konur jafn góðfúsar á að vinna að þessu, því kaffisalan væri aðal tekjulind félagsins.

2. málefni: Reikningar félagsins. Féhirðir las þá upp og bar upp fyrir fundinn svo hljóðandi tillögu: „Fundurinn telur æskilegt að framvegis verði reikningar fél. lesnir upp á fyrsta fundi

ársins til skýringar félagskonum." Tillagan borin upp og samþykkt. Ennfremur voru reikningar félagsins samþyktir.
3. Spunavélareikningarnir. Félagskonur gerðu grein fyrir því, sem spunnið hafði verið á vélina síðastliðið ár. ~~Hagnaður~~ Gjald af spunanum var 32,00 kr. sem gengur í sjóðinn.
4. Lesin upp lög félagsins. Breyting var gjörð á 10 gr. laganna samkvæmt fundargjörð frá 26. júní s. l. Greinin hljóðar nú þannig: „Ársgjald félagsins er 2,00 kr. sem greiðist fyrir árslok og auk þess 1 kr. sem greiðist í Þorgeirssjóðinn." Því næst óskaði formaður eftir að konur kæmu fram með málefni sín, ef einhver væru. Skýrði þá Aðalheiður Jónsdóttir frá því, hvað safnast hefði í Þorgeirssjóðinn. En það var um bil 165,00 kr. an og afhenti hún sjóðstjórninni upphæðina til varðveislu
5. Samband Norðlenskra Kvenna. Formaður skýrði frá því að nú næsta vor yrði fundurinn haldinn hér í Vestur-Húnavatnssýslu. Óskaði hún eftir að hægt yrði að halda fundinn annarsstaðar en á Hvammstanga. Vildi hún heyra álit fundarkvenna um þetta.

Aðalheiður Jónsdóttir tók þá til máls og lét eindregið þá ósk í ljósi að fundurinn gæti orðið heima í sveitinni. Hefði henni dottið í hug á Lækjamóti, ef nokkur tök væru á því. Formaður tók þá til máls og sagði það væri ánægjulegt ef hægt yrði að hafa hann heima í sveitinni, ef konur yfirleitt í Kvennabandinu væru því meðmæltar og vildu hjálpa til við fundarhaldið.
Var tekin sú ákvörðun að kjósa nefnd til að undirbúa fyrir fundinn og leita eftir vilja félagskv. í hinum félögunum þessu viðvíkjandi. Kosningu hlutu: Aðalheiður Jónsdóttir, Jónína S. Líndal og Kristín Gunnarsdóttir.
Því næst var kosið í stjórn fél. Var hún endurkosin og sömuleiðis varastjórn. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

43. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Stóru-Ásgeirsá 30. maí, 1931 í kvenfél. „Freyja" Formaður setti fundinn og stýrði honum, og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttir.
Formaður mintist með nokkrum orðum tveggja félagskvenna, sem nýdánar eru, Hólmfríðar frá Melrakkadal og Aðalheiðar Jónsdóttir frá Húsum. Lýstu félagskonur ánægju sinni yfir því að keyptur var skjöldur, sem látinn var í Víðidalstungu-Kirkju, til minningar um Aðalheiði sál. Gaf kvenfél. hann.
Einnig skýrði formaður frá gjöf, sem félagsk. gáfu fátækri sængurkonu, Sigríði Jónsdóttir á Hrappstöðum, var það gjört fyrir tilmæli Ljósmóðurinnar, Fríðu Sigurbjörnsdóttir. Gaf félagið 60,00 kr. var keyptur fatnaður fyrir þær krónur handa konunni og börnunum. sá Ljósm. um það ásamt saumaskap á á því.
Kristín Gunnarsdóttir skýrði frá því, er safnast hefði í „Þorgeirssjóðinn" eru það 160,00 kr. Mintist hún einnig Aðalheiðar sál. er var stofnandi sjóðsins og formaður í stjórn sjóðsins. Var ákveðið að láta

bída til næsta fundar að kjósa konu í hennar stað og taka ákvörðun með sjóðinn.
Því næst fór fram fulltrúakosning á S. N. K. sem haldinn verður að Reykjum í Hrútafirði 15 og 16 júní n. k. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Síðast var kosið í rjettarnefnd: Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsd. Fríða Sigurbjörnsd. Sigurbjörg Þórðardóttir, Herdís Jóhannesdóttir og Margrét Meldal. Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

50. fundargjörð.

Laugardaginn 31. okt. 1931, var aðalfundur Kvenfél. „Freyja“ settur og haldinn að Auðunnarstöðum. 7 fjelagsk. voru mættar.
Fundarskrifari kosinn, Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Þar sem öllum fundarkonum voru lögin áður kunn var engum tíma eytt í að lesa þau yfir.

1. málefni: Réttardagurinn. Formaður réttarnefndarinnar skýrði frá ágóða af réttardögunum fyrir kaffisölu, sem var nálægt 135,00 Kr. Það kom til umræðu á fundinum hvort fél. ætti í framtíðinni að selja fleira en kaffi réttardagana. Kom fundarkonum saman um að gjöra það ekki.
Formaður fél. þakkaði réttarnefndinni vel unnið starf og kvaðst vona að félagið gæti haldið þessum störfum áfram framvegis.
2. Reikningar félagsins. Voru þeir lesnir upp og samþyktir.
3. Spunavélin. Gjörðir upp reikningar fyrir yfirstandandi ár.
Formaður fél. mintist á það, að hér áður fyr hefði það komið til orða að Kvenfél. keypti 19. júní. En af því blaðið væri hætt að koma út, þá stakk formaður upp á því að fél. keypti rit, sem nýlega er farið að gefa út og heitir „Perlur“ og gengi það á milli félagskv. Fundurinn var því samþykkur að kaupa ritið frá upphafi og gjörast áskrifendur framvegis.
Síðast var kosið í nefndir. Í skemtinefnd voru kosnar: Jónína S. Líndal, Sigurbjörg Þórðardóttir og Kristín Gunnarsdóttir.

Varaformaður var kosin Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Af því fleiri mál lágu ekki fyrir fundi, sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

51. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja" að Stórhól 20. jan. 1932. 5 félagskonur voru mættar.
Ein kona bættist í félagið, Sigurbjörg Guðmundsdóttir Selási.
Formaður fél. stýrði fundinum og kaus fyrir fundarritara Margréti Jóhannesdóttir.
1. málefni. Íslendinga vika.
Formaður skýrði frá því, að nú væri farið að taka upp það sið í Reykjavík að safna íslenskum iðnaðarvörum saman og á að hafa þar til sýnis fyrstu vikuna í apríl. Verða vörurnar einnig til sölu. Framsögukona óskaði eftir að félagskonur gætu sent

inni þangað. Nefnd var kosin til að safna vörum hjá fólki og koma því á markað. Kosningu hlutu:
Jónína S. Líndal, Herdís Jóhannesdóttir og Margrét Jóhannesd.
Fleiri mál voru tekin til umræðu, en engar ákvarðanir teknar um þau. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

52. fundargjörð.

Föstudaginn 4. nóv. 1932. var aðalfundur Kvenfélagsins „Freyja" haldinn að Stóru-Ásgeirsá. 10 félagskonur voru mættar. Ein kona bættist við í félagið, Herdís Bjarnadóttir Ásgeirsá. Formaður setti fundinn og tilnefndi hann og kaus fyrir ritara Herdísi Jóhannesdóttir.
Formaður bauð fundarkonur velkomnar, sagði sér þætti vænt um að sjá svo margar félagsk. mættar, því nú væri nauðsynl. fyrir konur að hittast, þó lítið væri úr að spila fyrir félagið, þá þyrftu konur ekki síður nú, en fyr, að ræða sín mál.

1. mál á dagskrá: Lög félagsins. Voru þau lesin upp og samþykt óbreitt.
2. Reikningar félagsins. Féhirðir lagði fram reikninga fél. voru þeir samþyktir.
3. Réttardagurinn. Fríða Sigurbjörnsdóttir skýrði frá kaffisölunni, sagði það óhapp hefði viljað til, að nokkuð af þeim peningum, sem inn heimtust fyrir söluna hefðu tapast, svo ekki kom inn nema 60. kr.
4. Spunavélin. Ákveðið var, að spunavélin yrði flutt á milli félagskvenna eins og að undanförnu. Var samþykt að hjálpa fátækri barnakonu, Sigríði Jónsdóttir Hrappsstöðum (sem ekki er í félaginu) um spuna, eins og í vikutíma.
Síðan var fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari.)

53. fundargjörð.
Fimtudaginn 9. mars. 1933, var fundur settur og haldinn á

kvenfélaginu „Freyja“ að Lækjamóti. 13 félagskonur mættar.
Fundarstjóri var Karin Kristín Gunnarsdóttir og nefndi hún fyrir ritara Friðu Sigurbjörnsdóttir.
1 mál á dagskrá: Formaður skýrði frá því, að skólastjórinn við Blönduósskóla hefði boðið að halda þriggja daga námskeið, fyrir konur úr kvenfélögunum úr sýslunni, ein kona úr hverju félagi. Fundarkonur þökkuðu fyrir boðið.
Formaður lagði til að skrifuð væru upp nöfnin á þeim konum, sem gætu farið og væri svo dregið um þau. Nafn Kristínar Gunnarsdóttir var dregið út og til vara Sigurbjörg Guðmundsdótt
2. málefni, Tóvinnumálið. Formaður hafði þar framsögu.
Taldi æskilegt að félagið keypti spunavél, því spuna vantaði tilfinnanlega í sveitinni, þó ein vél væri fyrir.
Fundarkonur voru þessu máli hlintar. Svohljóðandi tillaga kom frá formanni: „Fundurinn telur ekki nauðsynlegt að félagið eigi þessa ~~eina~~ spunavél, sem nú er í eigu þess, og vill því fela stjórninni, að útvega aðra fyrir næsta haust.“

Tillagan samþykt. Einnig mintist formaður á, að fyr hefði verið kosin nefnd, til að annast um kaup á vefstól, en hún hefði ekkert starfað ennþá. Bað konur að láta álit sitt í ljósi, hvort þær hefðu ekki áhuga fyrir því, að félagið eignaðist vefstól. Fundarkonur létu í ljósi áhuga fyrir því, að fél. eignaðist vefstól. Svohljóðandi tillaga kom frá formanni: „Fundurinn leggur til, að keyptur verði vefstóll, fáist hann með vægu verði og felur stjórninni framkvæmd í því efni." Tillagan samþykt. Af því fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari.)

54. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Sporði 21. apríl 1933 í kvenfél. „Freyja". 10 félagskonur voru mættar. Fundarstýra var kosin Jóhanna Björnsdóttir, en fundarritari var tilnefnd Margrét Jóhannesdóttir. Málefni fundarins voru þessi:

1. Frásögn frá námskeiði, sem haldið var á Blönduósskóla.
Kristín Gunnarsdóttir hafði framsögu. Hún skýrði frá ýmsu, sem þar var gjört fyrir aðkomukonur, þeim til fróðleiks og skemtunar.
Jónatan Líndal Holtastöðum var leiðbeinandi þeirra og kenslukonur sýndu þeim það, sem unnið hefði verið á skólanum fyr og nú.
Forstöðukona skólans talaði um skólamál. Óskaði hún eftir að konur hér í sýslunni væru skólanum hlyntar í framtíðinni, fór hún fram á, að konur úr kvenfélögunum gæfu skólanum ½ kg. af ull hver, handa skólastúlkum til að vinna úr.
Jónína Líndal skýrði einnig frá erendum, sem flutt voru í skólanum, þessa daga. Jónas Sveinsson héraðslæknir flutti erendi um sparnað. Brýndi hann fyrir konum, að minka nokkuð á kaffibrauði. Fanst honum of mikið í það lagt. Formaður bar þetta málefni upp fyrir fundarkonur og var mikið um það rætt.
Engar ákvarðanir voru teknar í því máli, en konur hugsa til að draga úr brauðgerð, eins og þær frekast geta.
2. mál á dagskrá: „Kvennablað"
Formaður hafði framsögu í því máli. Var lesið upp bréf frá „Kvenréttinda

félagi Íslands" í Reykjavík, sem hafur uppi mikinn áhuga, fyrir því, að koma af stað kvennablaði. Söfnunarlisti fylgdi bréfinu. Framsk. fannst taplega hægt að ganga fram hjá þessari málaum leitun og hafði hún hugsað, ef félagsk. væru því ekki mótfallnar, að kvenfél. „Freyja" legði þar eitthvað til. Nefnd „Kvenréttinda-félagsins" fór fram á, að fjórða hver kona á landinu legði til 1 kr. til blaðsins. Var um þetta mál rætt, og að síðustu tekin sú ákvörðun, að kvenfél. „Freyja" leggði til blaðsins, sem svaraði þeirri upphæð.

3. mál: Fundur, í „Kvennabandi Vestur-Húnavatnssýslu".
Kosnir voru fulltrúar til að mæta á þeim fundi. Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir, til vara: Kristín Gunnarsdóttir og Herdís Jóhannesdóttir.

4. mál: Réttardagurinn. Formaður óskaði eftir, að hægt yrði að selja kaffi næstkomandi haust, sem að undanförnu, en kosta minna til með undirbúning. Voru konur því allar meðmæltar. Fríða Sigurbjörnsdóttir bauð fram, að hún skyldi útvega efni í tjald, til að hita í og vera búin að koma því upp, fyrir næsta

réttardag. Voru konur henni mjög þakklátar fyrir það.
Kosningu hlaut, til að annast um undirbúning fyrir réttardaginn, formaður fél. Jónína S. Líndal og tekur hún konur út í dalnum, sér til hjálpar.
Að síðustu las formaður upp bréf, frá „Skógræktarfél. Íslands," um þess að búast við, að fél. sinti því nokkuð. Fanst konum æskilegt að Ungm. fél. „Víðir" taki það mál til meðferðar og starfaði fyrir það. Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari.)

55. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja" að Auðunnarstöðum 1. nov. 1933. 9 félagskonur voru mættar. Tvær konur bættust við í félagið, Jakobína Sigurvaldadóttir Refsteinsstöðum og Anna Guttormsdóttir Síðu.
Fundarstýra var kosin, Jónína S. Líndal og kaus hún fyrir fundarritara Margréti Jóhannesdóttir. Á dagskrá voru þessi

málefni: 1. Lög félagsins.
Þau voru lesin upp og samþykt, en við 10 gr. laganna var gjörð breyting svohljóðandi: „Ársgjald fél. eru 2,00 kr. en í „Þorgeirssjóðinn“ sem borgadar 15,00 kr. þetta næstkomandi ár.“
2. Reikningar félagsins. Þeir voru lesnir upp og samþyktir.
3. Réttardagarnir. Það sem inn kom fyrir kaffisölu þá daga voru 86,57 kr. aur. Ennfremur var farið í gegn um reikninga frá því í var síðastl., er kaffi var selt f.h. m. Ungm. fél. Það sem inn kom voru 77,05 kr. aur.
4. Spunavélarnar. Eins og samþykt var á fundi fél. frá 9. mars. 1933, var keypt ný spunavél 25 þráða, af félagskonum, svo félagið hefir nú tvær vélar í notkun. Vélin er smíðuð af Jónasi Bergm. Stóru-Tjilja og kostar hún kr. 500,00 uppsett. Ráðað var vélunum niður á bæina fyrir kv. fél. k., einnig var ákveðið að nota vélarnar fyrir utanfél. k. ef tími ynnist til.
Ákveðið var, að fél. gæfi Sigríði Bjarnadóttir Melrakkadal kr. 40,00 og Sigurbjörgu Guðmundsdóttir Selási kr. 35,00.
Fleiri mál voru ekki tekin til umræðu og sagði formaður

fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

56. fundargjörð.

27. des. 1933 var fundur settur og haldinn í kvenfél. „Freyja“ að Stóru - Ásgeirsá. 8 félagskonur voru mættar.
Formaður stýrði fundinum og kaus fyrir fundarritara, Sigurbjörgu Þórðardóttur. Fundargjörð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt. Málefni fundarins voru þessi:
1. Bréf frá formanni „Búnaðarsambands Vestur-Húnavatnssýslu“. Var það þess efnis að enginn styrkur fengist til að kaupa handspunavélar.
2. Bréf frá S. N. K. Stjórn þess fer fram á, að fresta sambandsfundi fram í ágúst í sumar. Tillaga var borin upp um það, hvort ætti að fresta fundinum. Greiddu allar atkvæði móti því. Einnig fór S. N. K. fram á, að hækkað yrði árstillag til sambandsins, úr 20 aur. upp í 30 aura. Tillaga var borin upp um það. Samþykktu konur enga hækkun á árstillaginu að

sva stöddu. Þar næst var lesið upp bréf frá Landsfundar-
nefnd kvenna.
Rætt var um spunavélarnar. Fannst konum nauðsynlegt að
reyna hafa sem mest upp úr þeim.
Fleira var ekki rætt. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

57. fundargjörð.

Þriðjudaginn 3. april 1934 var fundur settur og haldinn að Lækjamóti
í Kvenfél. "Freyja". Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra
Margréti Jóhannesdóttir og tók hún fyrir ritara. Kristinu Gunnarsd.
Mættar voru 9 félagskonur. Heiður Sturladóttir gekk í félagið.

Dagskrá fundarins var:

1. Bréf landsfundarnefndar. Fundarstjóri las upp bréfið.
Jónína S. Líndal tók til máls og skýrði fyrir konum tildrög lands-
fundar og gat þess um leið, að ákveðið væri að halda á Blönduósi
í já. í Hvítasunnu, sameiginlegan (fund) sambandsfund í báðum sýsl-
um fyrir kvenfélögin, til að velja fulltrúa suður á landsfund.
Eftir dálitlar umræður var samþykt, að Kvenfél. leggði til 10 Kr. til

styrktar fulltrúa á Landsfundinn. Síðan voru kosnar tvær konur, til að mæta á s. b. f. á Blönduósi. Kosningu hlutu: Margrét Jóhannesd. og Kristín Gunnarsdóttir.

2. mál. Skemtiferð. Framsögukona Jónína S. Líndal.
Framsöguk. sagði sér fyndist að konurnar ættu að taka sér frí einn dag á sumri og fara saman einhverja skemtiferð, sér til ánægju.
Eftir talsverðar umræður var samþykt, að kvenfél. tæki bíl út á Blönduós í vor á handavinnusýningu kvennaskólans, handa konum þeim, er farið gætu.

3. mál. Heimilisiðnaðarmál. Frams.k. J. S. Líndal. Frams.k. áskaði eftir, að konur tækju upp þann sið, að skrifa upp og gefa skýrslu yfir það, sem unnið er úr ull yfir veturinn hjá hverri fyrir sig. Var samþykt, að konur skrifuðu upp það, sem þær hefðu unnið í vetur og sendu það til fulltrúanna, áður en farið væri til Bl.ós.

4. mál. Réttardagurinn. Frams.k. J. S. Líndal. Frams.k. taldi það myndi koma léttara niður, ef konur skiftu bakunni þannig, að hver bakaði eina tegund og legði til í hana. Eftir nokkrar umræður var það samþykt, að eftirtaldar konur ynnu að réttarbakstrinum:
Til að sjá um tjöldun og veitingar: Sigurbjörg Þórðardóttir og

Elísabet Gísladóttir. Til að baka: Anna Teitsdóttir, Þórdís Pétursdóttir Margrét Jóhannesdóttir, Herdís Jóhannesdóttir og Kristín Gunnarsdóttir. Kristbjörg Kristmundsdóttir til að brenna kaffi.
Fleiri mál lágu ekki fyrir fundi og var því fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

58. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja." að Stóru-Ásgeirsá, 15. nóv. 1934. 8 félagskonur voru mættar.
Formaður setti fundinn og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttir. Bauð formaður félagsk. velkomnar og lét ánægju sína í ljósi yfir auðsýndum áhuga hjá þeim á félagsmálum.

Dagskrá fundarins.

1. mál Réttardagurinn. Framsk. J. S. Líndal. Framsk. þakkaði þeim konum, sem unnu að kaffisölunni á réttardaginn, fyrir vel unnið verk, en það var svo erfitt, vegna illviðurs. Það, sem inn kom fyrir kaffisölu réttardagana, voru kr. 123,10 (brúttó) En sökum þess, að ekki var hægt að ganga frá öllum reikningum, varð ekki að svo komnu vitað um nettó tekjur af sölunni.

2. mál. Spunavélarnar. Félagskonur komu sér saman um, hvernig stóru vélinni yrði raðað niður á bæjina, eins og að undanförnu og litla vélin, sem verið hefir í viðgjörð, verður tekin til notkunar líka. Var samþykkt af félagskonum að fá hana sem fyrst, svo spuninn gengi ekki eins langt fram á vorið nú, sem að undanförnu.

3. mál. Reikningar félagsins. Gjaldkeri félagsins, Kristín Gunnarsd. las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir að mestu óbreyttir. Samþykkt var, að borga á þessu ári sama gjald í „Þorgeirssjóðinn“, sem síðastliðið ár, kr. 15,00.

4. mál. Fundir í Kvenfélaginu. Framsk. Herdís Bjarnadóttir. Framsk. talaði um, að leiðinlegt væri hvað fundirnir komu ójafnt niður. Óskaði framsk. eftir, að geta haft fund hjá sér, eða borgað þeim konum, sem fundina hafa. Þær félagsk. sem viðstaddar voru og ekki hafa haft ástæður til að hafa fundi heima hjá sér, voru þessari uppástungu samþykkar. Eftir dálitlar umræður var samþykkt, að framvegis komu konurnar saman á 2-3 bæjum á veturnar, vegna strjálbýlisins, milli ákveðinna vana. funda. Þær skiftu sér niður á þá bæji, sem ekki hafa haft fundi.

5. mál. Hjálparstúlka. Fundurinn taldi nauðsyn á, ef hægt

væri, að fá stúlku til að starfa á félagssvæðinu, aðalf. að hjúkrun, en ennfremur vinna önnur störf, ef með þyrfti. Félagið kostar hana að einhverju leyti. Félagsk. töldu nauðsyn á slíkri hjálp, sökum fólksfæðar á bæjum og ætluðu þær að leita fyrir sér hvað það, hvort nokkur stúlka hér í byggðarlagi væri fær, eða fáanleg til slíkra verka. Fleiri mál lágu ekki fyrir og sagði því formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

## 59. fundargjörð.

Fimtudaginn 27. des. 1934 var fundur settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja" að Auðunnarstöðum. Mættar voru 9 félagskonur. 4 konur bættust við í fél. Sigríður Jónsdóttir Hrappsstöðum, Sigrún Jónsdóttir Kolugili, Ingibjörg Jónsdóttir Húsum og Svava Benediktsdóttir Dæli.

Formaður setti fundinn og kaus fyrir ritara Herdísi Jóhannesdóttir. Bauð formaður félagskonur velkomnar og lét í ljósi ánægju sína yfir því að nýjar konur skyldu bætast við í félagið, því til

styrktar. 1. málefni: Félagsblaðið. Framsögukona: Jónína S. Líndal. Talaði hún um hvort ekki gæti verið gagn og gaman fyrir félagskonur að hafa blað, sem hægt væri að koma í ljósi hugsanir sínar. Nokkrar konur töluðu og voru með því að hafa blað. Var þá gengið til atkvæða með það og var það samþykkt með öllum atkvæðum. Ákveðið var að kjósa ritstjóra og meðritstjóra þannig, að sú sem fengi flest atkvæði yrði ritstjóri og sú sem fengi næst flest yrði meðritstjóri. Hlaut Þórdís Pétursdóttir kosningu með 8 atkvæðum, næst flest atkvæði hlaut Margrét Jóhannesdóttir og varð hún því meðritstjóri.

Form. fél. kom með skýrslur fyrir heimilisiðnað og ætla konur að telja fram, það sem þær hafa unnið á árinu 1934.

Herdís Bjarnadóttir talaði um, að á síðasta fundi hefði verið ákveðið að kvenfél. gengist fyrir því að fá hjálparstúlku í sveitina. Bauðst hún til að grenslast um stúlku, sem hún hafði von um að fengist til þess. Var þá talað um að kvenfél. launaði hjálparstúlkuna með 100 kr. á ári að undanskyldu sumrinu, sem hún ætti sjálf að hafa til hvers sem hún vildi. Einnig var talað um, að þau heimili sem þyrftu hennar með og þægju hana, borguðu henni kaup. einsog

alment gerðist í það skiptið.
Að síðustu las formaður upp bréf landsfundarnefndinni, þar sem hún óskar eftir að fá greitt tillag sem Kvenfél. hafði ákveðið að leggja blaðinu til. En fél. konur komu sér saman um að greiða það ekki fyr en blaðið færi að koma út.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

60. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Lækjamóti 9. mars 1935 í Kvenfél. „Freyja“. Formaður setti fundinn og kaus fyrir fundarstjóra Kristínu Gunnarsdóttir. Tók hún fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttir. Mættar voru 15 félagskonur. Ein bættist við í fél. Guðrún Daníelsdóttir Melrakkadal.

Dagskrá fundarins:

1. Ferðasaga. Fr.s. kona Jónína S. Líndal. Hún ferðaðist til Noregs og Svíþjóðar s.l. sumar og sagði hún konunum ágrip af þeirri ferðasögu. Var ferðasagan fróðleg og skemtileg. Fr.s. kona var boðin í 25 ára afmæli húsmæðraskólans á Stabeck, en hún var áður nemandi þar.

2. Yfirfarnir reikningar. Gjaldkeri fél. las upp reikninga fél., sem búið var að ganga frá til fullnustu.

3. Starfsstúlka. Herdís Bjarnadóttir skýrði frá því að hún hefði reynt að ráða stúlku, en ekkert svar fengið frá henni enn þá. Fundarstjóri mintist á heimili, þar sem þörf væri á hjálp, ef unt væri að veita hana. Eftir dálitlar umræður var samþykt að félagið gæfi að Gafli 40 kr. Átti að verja því fyrir úttekt, svo var stjórninni falið að taka á móti ullarflíkum, bæði innri og ytri flíkum á börnin þar, eftir því sem konur gætu látið.

4. Heimilisiðnaðarskýrslur. Konur skrifuðu upp það sem þær höfðu unnið af ullarvinnu s. l. ár og er það útfært á skýrslur, sem sendar verða til „Heimilisiðnaðarfélags Íslands."

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundi og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

61. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja" að Stóru-Ásgeirsá 6. nóv. 1935. 12 félagskonur voru mættar. Tvær konur bættust við í fél. Arndís Guðmundsdóttir Síðu og Guðrún Guðmundsdóttir Valdarási.

Formaður stýrði fundi og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttur.

2 málefni voru á dagskrá:

1. Réttardagurinn. Brutto tekjur af þeim dögum urðu 122 kr.

2. Iðnsýning. Formaður skýrði frá, því að á síðasta sambandsfundi hefði verið ákveðið að halda sýslusýningu á Hv.tanga. Brýndi hún fyrir konum að sýna vinna einhverja muni, sem nothæfir væru til að láta á sýninguna. Gjeffu það ekki að vera neitt fínir munir. Að síðustu voru sagðir fram reikningar fél. og samþyktir. Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði því formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

62. fundargjörð.

Föstudaginn 3. jan. 1936 var fundur í Kvenfél. „Freyja" settur og haldinn að Lækjamóti. 13 fundarkonur voru mættar.

Dagskrá fundarins:

1. Vefstóllinn. 2. Iðnsýning. 3 Jólagleðning. 4. Upplestur.

Formaður setti fundinn og nefndi til skrifara Fríðu Sigurbjörnsdóttir. Form. hvatti konur til að nota vefstólinn, til þess var hann keyptur en það er bara dálítið erfitt að byrja. Ein fundarkona gaf sig fram, Sigurbjörg Guðbrandsdóttir, óskaði hún eftir að fá vefstólinn sinni-

part vetrarins.
Form. skýrði frá því að „Kvennabandið“ hefði ákveðið að halda iðn-sýningu á næsta vori og myndi hún verða á Hv. tanga. Beindi hún fyrir konum að reyna að láta eitthvað á sýninguna. Það þyrftu ekki að vera fínir munir, aðeins að væri vel frá þeim gengið.
Nefnd var kosin til að hafa framgang í þessu máli.
Kosningu hlutu: Jónína S. Líndal, Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir og Jóhanna Björnsdóttir
Form. sagði fundarkonum frá því, að fyrir jólin hefðu þær konur, sem saman náðu til viðtals komið sér saman um að gleðja Kristbjörgu Kristmundsdóttir, er hún varð nýlega fyrir veikindum og uppskurði og sendu þær henni 40 kr. Létu fundarkonur ánægju sína í ljósi yfir því.
Þá bauðaði Jóhanna Björnsdóttir um gjafir til Kvenfélagsins. Sagði hún að sér fyndist að konur stæðu við að gefa félaginu eitthvað úr ull, sem við látum vinna á heimilinum, helst sokka og vetlinga. Þessir munir yrðu svo seldir og ágóðinn gengi til fél. Gjörðu konur góðan róm að þessu. Form. var konum þakklát fyrir hvað þær væru örlátar og sagði að hver sú kona sem léti þessa muni, ungi hitt þar á sýn-

inguna. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir. Sagði því form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

63. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Auðunnarstöðum 10. mars 1936 í Kvenfél. „Freyja." 15 félagskonur voru mættar.
Vegna fjarveru formanns, setti varaform. Fríða Sigurbjörnsdóttir fundinn og stjórnaði honum. Ritari var kosin Margrét Jóhannesd.
Dagskrá fundarins: 1. Námskeið á Blönduósskóla, fr.sk. Jóhanna Björnsd.
2. Heilbrigðismál, fr.s.k. Kristín Gunnarsdóttir.
3. Blaðið. fr.s.k. Þórdís Pétursdóttir.
Jóhanna Björnsdóttir skýrði frá því, að form. fél. hefði óskað eftir, að komið yrði á fundi til að útnefna konu til að þiggja boð á Kvennask. á Blönduósi, en það má ein kona koma úr hverjum hreppi eða kvenfélagi, þar sem þau eru starfandi. Kosningu hlutu: Sigurbjörg Þórðardóttir og til vara: Herdís Sturludóttir.
Fél. leggur fram uppí ferðakostnað 7 kr.
Kristín Gunnarsdóttir talaði um, að sökum þess að barnaveiki væri víða að gjöra vart við sig, áliti hún það þess vert að konur gæfu

því gaum, hvort ekki væri rétt að fél. gengist fyrir pöntun á meðali til að innsprauta börnin með, til varnar gegn veikinni.
Það var samþykkt, að reyna fá héraðslækninn til að innsprauta börnin í hreppnum. Safna börnin á nokkra bæi.
Einnig var samþykkt að kvenfél. og hreppurinn létti undir með kostnaðinn.
Þórdís Pétursdóttir óskaði eftir að konur sýndu meiri áhuga en verið hefði með að skrifa í blaðið. Sagði hún að það væri mjög leiðinlegt ef það gæti ekki haldið göngu sína. Konur lofuðu að sýna meiri áhuga í framtíðinni.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og sagði form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

64. fundargjörð.

Ár 1936 föstudaginn 1. maí var fundur haldinn í kvenfél. „Freyja" að Þorkelshóli. Mættar voru 11 félagskonur.
Formaður stýrði fundinum og kaus fyrir ritara Herdísi Sturludóttir.
Dagskrá fundarins: 1 Iðnsýning. 2 Kosning fulltrúa á samb. fund. 3. Hjúkrunarnámskeið. 4. Réttirnar.

1. Heimilisiðnaðarsýning, frummælandi Jónína S. Líndal.
Talaði hún um að konur létu heimaunna muni á sýninguna er fyrirhuguð er á Hv.tanga n.k. vor. Tóku konur vel í það og var Margrét Jóhannesdóttir kosin til að sjá um munina og setja þá upp. Þá var tekið fyrir næsta mál á dagskrá, kosning fulltrúa á sam.b. fund. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsd. með 10 atkv. Herdís Sturludóttir með 5 atkv. Til vara: Jóhanna Björnsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir
3. Hjúkrunarnámsskeið. Form. skýrði frá því, að S. N. K. hefði boðið félaginu „Rauðakross“-hjúkrunarkonu til að halda námsskeið og eggjaði hún konur á að sækja það.
Kvaðst form. geta lánað húsrúm og einnig tekið nokkrar stúlkur heim ef vildi. Var góður rómur gjörður að þessu og var ákveðið að halda námsskeið ef nægjanleg þátttaka fengist. Að lokum var kosið í réttarnefnd. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Ingiríður Vigfúsd. Herdís Bjarnadóttir, Herdís Sturludóttir og Elín Jónsdóttir.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir. (ritari.)

65. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að St.-Ásgeirsá 11 nóv. 1936. 14 félagskonur voru mættar. Tvær konur gengu í félagið, Guðrún Guðmundsdóttir og Kristín Ásmundsdóttir.
Fundarkonur buðu þær velkomnar í félagið.
Form. setti fundinn og kaus fyrir ritara Margréti Meldal.
Bauð form. félagskonur velkomnar og lét ánægju sína í ljósi yfir því, hvað margar konur voru mættar.
Form. las upp lög félagsins og voru þau samþykt. Síðan lagði féhirðir fram reikninga félagsins og voru þeir samþyktir.
Form. las upp hvað konur hefðu gefið félaginu af sokkum og vetlingum og þakkaði þeim mjög vel fyrir.
Næst var gjört upp fyrir réttardagana s.l. haust.
Formaður fél. lagði þá spurningu fyrir félagskonur, hvort þær væru því ekki samþykkar, að félagið borgaði uppihald hjúkrunarkonu „Rauða krossins" á námsskeiði því, sem haldið var að Lækjamóti s.l. vor, álíka og væri borgað á farskólum.
Voru allar fundarkonur því samþykkar.
Um spunavélarnar urðu miklar umræður, var þeim ráðað

niður, hvernig þær ættu að ganga á milli félagskvenna yfir vet-
urinn. Fundarkonur töluðu um, að nauðsynlegt væri að félagið
héldi skemtisamkomu til ágóða fyrir félagið.
Form. lagði þá spurningu fyrir fundarkonur, hvort þær væru
allar með því, að skemtisamkoma yrði haldin á milli jóla og
nýjárs og voru þær allar með því. Var því ákveðið að Kvenfél.
héldi „grímudansleik" milli jóla og nýjárs. Kosnar voru í
skemtinefnd: Margrét Jóhannesdóttir Fríða Sigurbjörnsdóttir og
Sigurbjörg Þórðardóttir. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari)

66. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Auðunarst.
4. febr. 1937. 11 félagskonur voru mættar.
Form. setti fundinn og kaus fyrir ritara Sigurbjörgu Þórðardóttir.
Dagskrá fundarins. 1. Skemtisamkoman. 2. Sjúkrakonan. 3. Tóvinna
4. Afmæli félagsins.
Form. skemtinefndar, Fríða Sigurbjörnsdóttir skýrði frá skemtisam-
komu, sem haldin var að Lækjamóti fjórða í jólum o.fl.

Það sem inn kom fyrir skemtunina voru 101,19 kr. Fundarkonur samþyktu að gefa Kristbjörgu Kristmundsdóttur 50 kr.
Form. fél. skýrði frá því að hún hefði fengið því framgengt o. f. var að vestursýslan fengi garðyrkjukonu n. k. vor og 50 kr. styrk til plöntukaupa. Talað var um hvernig félögin gætu hagkvæmast notað þessa hjálp, en ekki var tekin nein fullnaðar ákvörðun með það.
Þá var tekið til umræðu um iðnsýninguna. Form. bað konur að reyna vinna eitthvað vel nothæft, til að láta á sýninguna. Kosin var nefnd til að annast um sýninguna. Kosningu hlutu: Jónína S. Líndal, Kristín Gunnarsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir Margrét Jóhannesdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Að síðustu var rætt um fyrirhugaðann 20 ára afmælisfagnað kvenfél. n. k. vor. Afmælisnefnd var kosin. Kosningu hlutu: Jónína S. Líndal, Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir
Þá var athugað spunagjald, sem inn hafði komið á árinu var það um 90 kr. Fleira ekki rætt. Fundi slitið. Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

67. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Lækjamóti 7. maí. 1937 í Kvenfél. „Freyja“. 15 félagskonur voru mættar og tvær bættust við í félagið, Kristín Árnadóttir Hríski og Ólöf Pétursdóttir Kambhól. Kosinn fundarstýra, Jónína S. Líndal, ritari Margrét Jóhannesdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Garðyrkjukonan. Formaður skýrði frá því, að garðyrkjukonan væri komin í sýsluna til að starfa fyrir félögin n. k. sumar. Ferðast hún um félagssvæðið og setur upp vermireiti í fyrstu umferð, en lítur eftir þroska og uppskeru plantnanna á seinni yfirlitsferðum sínum. Sérstaka áherslu lagði frams. k. á það, að konur létu garðyrkjukonuna hjálpa til með að gróðursetja tré og rækta matjurtir, en eyða ekki tíma hennar að óþörfum í að vinna að ræktun jarðepla og rófna, sem félagskonur ættu að vera einfærar um að vinna að.

Formaður félagsins skýrði frá því, að búið væri að smíða vermi-

rit, til afnota fyrir félagskonur og var það borið undir atkvæði hvort þær vildu taka þátt í kostnaði hans. Var það samþykt með öllum greiddum atkvæðum.
2. Sýning og sambandsfundur.
Formaður fél. óskaði eftir, að konur leggðu til muni á sýninguna, sem ákveðið var að fram færi að „Ásbyrgi“ í Miðfirði n. k. vor snemma í júní. Skorað var á Margréti Jóhannesdóttir að taka að sér, að sjá um muni á sýninguna og vinna að uppsetningu þeirra á sýningunni. Því næst fór fram fulltrúa kosning á sambandsfund. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir. Til vara: Jóhanna Björnsdóttir og Sigurbjörg Þórðardóttir.
3. Bréf „Kvenréttindafélags Íslands.“
Þar er konum boðið að mæta á landsfundi kvenna, sem haldinn verður í Reykjavík n. k. haust. Sérstök áhersla er lögð á, að fá konur úr starfandi félögum, til að mæta þar. Engin ákvörðun kom fram á fundinum um þetta mál.

4. Afmæli kvenfél. „Freyja“:
Formaður skýrði fyrir konunum samþyktir þær, sem fram höfðu komið hjá nefnd þeirri, sem kosin var, til að leggja fram tillögur í málinu, en þær voru þessar: Skemtiferð í Vaglaskóg skemtiferð að Kvennavatni eða kaffidrykkja heima í sveitinni. Talsverðar umræður urðu um málið, flestar konur voru með því að farið yrði í Vaglaskóg. Engin fundarsamþykt kom fram í málinu, en ákveðið var, að láta lista ganga um á milli félagskvenna, svo konur gætu skrifað sig á hann, sem hugsuðu til að verða þátttakendur í afmælisfagnaðinum.
5. Skátaflokkur.
Margrét Jóhannesdóttir kom með þá tillögu, að félagið notfærði sér skátaflokk, sem verður á ferð hér næsta vor, til að hafa nokkra daga námskeið fyrir pilta og stúlkur á fermingar aldri og kynna þeim starfsemi skáta. Frams.konu fanst vel til fallið að kosta þetta af „Minningarsjóði Þorgeirs Ljósvetningagoða“ að nokkru leiti. Tillagan var rædd og samþykt, en engin

ákvörðun var tekin um það, á hvaða tíma þetta færi fram að vorinu.

6. Réttardagurinn.
Kosningu hlutu, til að baka, Jónína S. Líndal, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Hrefna Hinriksdóttir, Heiðdís Jóhannesdóttir og Þórdís Pétursdóttir. Til að annast kaffisöluna á réttardaginn, Guðrún Guðmundsdóttir, Kristín Árnadóttir og Sigríður Bjarnad. ef hún gefur kost á sér.
Fleiri mál lágu ekki fyrir og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

68. fundargjörð.

Miðvikudaginn 1. des. 1937 var fundur settur og haldinn í kvenfél. „Freyja" að St.-Ásgeirsá 16 konur voru mættar.
Formaður félagsins setti fundinn og ritari var kosin Fríða Sigurbjörnsdóttir.

## Dagskrá fundarins.

1. Reikningar félagsins. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir óbreyttir. Formaður þakkaði gjaldkera fyrir hvað hún hugsaði vel um hag félagsins.

2. Réttardagurinn. Fyrir kaffisöluna kom inn brúttó 108,12 kr. Útgjöld við réttardaginn voru 18 kr, til Sigríðar Bjarnadóttur og Hansínu Guðmundsdóttur. Hinar konurnar sem unnu við réttardaginn settu ekki upp fyrir vinnuna og þakkaði formaður þeim fyrir vel unnið starf.

3. Spunavélarnar. Fundurinn ákvað að fækka dögum á heimilinum með vélarnar. Fyrir stóru vélina 7 dagar en fyrir þá litlu 9 dagar. Vegna þess að lopinn var ekki kominn, var ekki hægt að raða vélunum niður á heimilin.

4. Framlag frá Kvenfél. „Freyja" til U. M. F. V.

Formaðurinn flutti nýtt mál inn á fundinn. Skýrði form. frá því, að U. M. F. V. hefði í hyggju að byggja fundar- og samkomuhús n. k. vor. Hefði sér komið til hugar, að kvenfélagið

leggði eitthvað til byggingarinnar. Fundarkonur fögnuðu yfir þessari uppástungu og voru allar henni meðmæltar. Samþykkt var, að upphæðin frá Kvenfélaginu gæti ekki verið minni en 500 kr. Svohljóðandi tillaga kom frá formanni: „Fundurinn felur stjórninni að skrifa U.M.F.V. og gefa því kost á, að Kven. fél. leggi fram 500 kr. til byggingar fyrirhugaðs samkomuhúss, gegn því, að hafa frítt húsnæði fyrir fundi sína og samkomur, en áskilur það, að laust skilrúm sé í húsinu, að minsta kosti tjald fyrir leiksviði. Annars teljum við ómögulegt að halda þar fundi."
Tillagan var borin upp og samþykkt eftir dálitlar umræður. Nokkrar konur vildu helst að þetta væri gjöf til U.M.F.V. án nokkurra kvaða.

5. Afmæli félagsins. Sökum þess, að margar félagskonur gátu ekki vegna ýmsra örðugleika tekið þátt í fyrirhuguðum 20 ára afmælisfagnaði félagsins, var hætt við að fara í skemtiferð í þetta sinn, eða minnast afmælisins á annan hátt.

6. Skemtisamkoma. Fundurinn ákvað, að Kvenfélagið héldi skemtun á milli hátíðanna. Kosningu í skemtinefnd hlutu: Jónína S. Líndal, Margrét Jóhannesdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Herdís Jóhannesdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Fleiri mál lágu ekki fyrir fundi og sagði form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

69. fundargjörð.

Fimtudaginn 24. febrúar 1938 var fundur settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Víðidalstungu. 14 félagskonur voru mættar.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri félagsins skýrði fyrir fundarkonum inntektir á útsöludaginn og af samkomu sem haldin var á Lækjamóti. Það sem inn kom fyrir samkomuna voru 167 kr. en útgjöld 57,50 kr. Inntektir af útsöludaginum 108,12 kr. Útgjöld 71,50 kr. Ágóðinn 36,62 kr. Ennfremur skýrði gjaldkeri frá árangri af plaggasölu, sem konurnar höfðu gefið félaginu. Inn hafði

kamið fyrir plöggin 49 kr. Formaður sagði, að upphaflega hefði verið meiningin, að félagskonur færu einhverja skemtiferð, þar sem hlyntu þannig að félaginu.
2. Sambandsfundur. Formaður lét þá ósk í ljósi að nægt væri að hafa næsta sambandsfund hér í sveitinni. Konur tóku því hið besta og ræddu um undirbúning fundarins. Ákveðið var, að konur leggðu til veitingar og vinnu við fundinn. Kosningu hlutu til þeirra starfa: Jónína S. Líndal Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Sigurbjörg Þórðardóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
3. Garðyrkjustyrkur. Formaður skýrði frá því, að S.N.K. veitti félögum svo lítinn styrk til garðyrkju. Sagðist form. hafa sótt um styrk til að flytja plöntur heim á heimilin og gróðursetja þær þar. Fundurinn ákvað að kaupa fræ til að sá í vermireitinn á komandi vori.
Ein kona bættist við í félagið, Dróplaug Guttormsdóttir Síðu. Ritari fundarins var Fríða Sigurbjörnsdóttir.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundi og sagði form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

70. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Melrakkadal 7 mai 1938. Dagskrá fundarins.

1. Garðyrkjan í vor. Formaður skýrði frá garðyrkjunni á síðastliðnu vori. Hafði félagið þá haft garðyrkjukonu og komið upp vermireit og hafði verið sáð í hann kál- og blómplöntum. Voru plönturnar pantaðar á fundinum og var almennur áhugi fyrir garðrækt og hvatti formaður einnig til að sá allskonar grænmeti. Einnig hafði fél. fengið lítilsháttar styrk til garðyrkju og voru keyptar fyrir hann plöntur úr „Vaglaskógi“, er félagskonur fengu. Málið síðan tekið út af dagskrá.

2. Sambandsfundur og iðnsýning.

Var ákveðið að hafa fundinn á Lækjamóti og iðnsýning

í sambandi við hann. Einnig hafði verið ákveðið, að konur kæmu með veitingar með sér á fundarstaðinn. Fulltrúar voru kosnir: Jóhanna Björnsdóttir og Herdís Bjarnadóttir.

3. Réttardagurinn. Kosningu hlutu í réttarnefnd: Kristín Gunnarsdóttir, Kristín Ásmundsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Anna Teitsdóttir.

4. Lesið upp bréf frá „Kvenréttindafél. Íslands“ þar sem skorað var á fél. að senda fulltrúa á Landsfund kvenna er verður í Reykjavík 18.–27. júní.

5. Einnig var lesið bréf frá U.M.F.V. í tilefni af tillagi Kvenfél. til samkomuhússbyggingarinnar, urðu talsverðar umræður um það mál, þar sem raddir komu fram um að gefa U.M.F.V. þessa upphæð, sem var 500.00 kr. Engin tillaga kom fram í málinu, en þær sem vildu gefa, virtust vera í minni hluta. Var stjórninni falið að semja við U.M.F.V. um nið ofangreinda framlag.

Úrsögn úr félaginu tilkynt frá Jakóbínu Sigurvaldadóttir Refsteinsstöðum. Í félagið gekk Hólmfríður Jónsdóttir Tjörn. Ritari fundarins var Herdís Sturludóttir.
Fleira var ekki tekið fyrir og sagði formaður fundi slitið
Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

71. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja“ að Auðunarstöðum 6. nóv. 1938. 15 félagskonur voru mættar.
Formaður stjórnaði fundinum og tilnefndi ritara Margréti Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Lesnir upp reikningar fél. Féhirðir gjörði grein fyrir þeim lið fyrir lið, voru þeir síðan samþyktir. Enn fremur var skýrt frá störfum réttarnefndar. Tekjur af kaffisölu voru 109,54 kr. Gjöld 41,32 kr. Hreinn ágóði 68,22 kr.

2. Prjónlessýningin. Form. skýrði frá störfum nokkra kvenna, sem standa fyrir fyrirhugaðri sýningu um næstu mánaðamót í Reykjavík. Form. sagði, að reynsla væri fengin fyrir því, að íslenska ullin væri mjög eftirsótt sökum gæða hennar. Form. fanst nauðsyn á, að koma á einhverjum iðnaði hér í sveitinni, aðallega prjóni í stórum stíl. Prjónavélar væru margar til í sveitinni, en vel hæfa stúlku þyrfti, til að ganga frá flíkunum. Miklar umræður urðu um málið. Að síðustu óskaði framsögukona eftir, að konur hefðu í huga í framtíðinni að reyna innvinna sér eitthvað fyrir flíkur, unnar úr ull. Engin önnur ákvörðun var tekin í málinu.

3. Spunavélarnar. Gjörðir upp reikningar frá árinu fyrir spuna. Ekki var hægt að ráða vélunum niður á bæina, sökum þess, að víðast hvar vantaði lopa.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

72. Fundargjörð.

Þann 2. febr. 1939 var fundur settur og haldinn í
Kvenfél. „Freyja“ að Lækjamóti. Mættar voru 12 konur.
Ein kona sagði sig úr félaginu árið sem leið,
Sigurbjörg Guðmundsdóttir frá Selási.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar.
Fundarritari var kosin Margrét Meldal.

Dagskrá fundarins:

1. mál. Gjaldkeri fél. Kristín Gunnarsdóttir las útdrátt
úr reikningum félagsins árið 1938 og gjörði grein
fyrir tekjum og gjöldum. Þar næst las formaður
samning milli U.M.F. „Víðir“ og Kvenfél. „Freyja.“
Var ritara félagsins falið að færa samning þennan
inn í gjörðabók félagsins. Sömuleiðis var lesin upp
kvittun frá gjaldkera U.M.F.V. Axel Guðmundssyni.
2. – Fundarkonur samþykktu að lána Jónasi Eysteinssyni

Stórhól 300 krónur, er félagið á í Þorgeirssjóði – og skuli hann borga það í sömu mynt = eða hann haldi námskeið hér í sveitinni og kenni unglingum, þegar hann hefir ástæðu til.

3 – Kembivélar og tóvinna. Framsögukona Jónína Líndal. Hvað hún nauðsynlegt, að koma upp kembivélum hið allra fyrsta því konur fengju ekki lopann sinn fyr en seint og síðar að vetrinum. Var um þetta rætt með góðum undirtektum hjá fél. konum og fanst þeim þetta nauðsynjamál. Kom þá fram svohljóðandi tillaga frá formanni félagsins:

„Fundurinn leyfir sér ~~að~~ hér með, að skora á kaupfél. V.-Húnvetninga Hvammstanga að vinna að því að settar verði upp kembivélar hér í sýslu helst þegar á næsta ári. Viljum við eindregið óska þess, að þar verði settar niður við einhvern fossinn í nágrenni okkar, þar sem þeir sýnast

mjög vel fallnir til þeirra hluta, t. d. fossarnir á „Ásgeirsá.“

Var tillaga þessi borin upp og samþykt samhljóða.
Síðast var rætt um hið fyrirhugaða heimboð á Kvennaskólanum á Blönduósi á þessum vetri. Er einni konu boðið úr hverjum hreppi, í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu. Ekki var nein ákvörðun tekin, hvaða kona færi héðan úr hreppi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari.)

Ungmennafélagið „Víðir" í Víðidal og kvennfélagið „Freyja" í sömu sveit gjöra með sér svofeldan samning:

„Kvennfélagið „Freyja" leggur fram, kr. 500,oo – fimm hundruð krónur – til byggingar á samkomuhúsi ungmennafélagsins, gegn því að kvennfélagið hafi heimild til ~~að~~ þess, að halda alla félagsfundi sína í húsinu hvenær, sem það óskar og það ekki kemur í bága við boðaða fundi eða samkomur hjá ungmennafélaginu, gildir sú kvöð, meðan kvennfélagið er við líði.

Enn fremur áskilur kvennfélagið sér rétt til þess, að halda 10 skemtisamkomur í húsinu, sem þó ekki séu haldnar ~~fleiri~~ en ein á ári hverju. Hvenær á árinu kvennfélagið notar rétt sinn til þess að halda skemtisamkomur í húsinu, fer í hvert sinn eftir samkomulagi milli félaganna.

Að því leyti, sem kvennfélagið þarfnast upphitunar fyrir fundi sína og skemmtisamkomur, kostar

það hana sjálft. Það sér einnig um ræstingu sem með þarf vegna funda sinna og samkomna.

Af samningi þessum eru gjörð tvö samhljóða samrit og heldur hvor aðili sínu.

Samningur þessi staðfestur með undirritun samningsaðila úr stjórnum beggja félaganna, í viðurvist vitundarvotta."

Lækjamóti 22. maí 1938.

Úr stjórn:
Kvennfélagsins „Freyja"
Jónína Sigurðardóttir Líndal
Margrét Jóhannesdóttir
Kristín Gunnarsdóttir

Úr stjórn
Ungmennafélagsins „Víðir"

Vitundarvottar:

73. fundargjörð

Fundur í Kvennfélaginu „Freyja" var settur og haldinn að Sporði 16. apríl 1939. Tólf konur voru mættar. Formaður tilnefndi ritara Margréti Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Prjónles. Formaður skýrði fyrir konum, að nauðsyn bæri til, að vinna ýkist í sveitinni úr ull, sem arðvænleg væri. Var formaður með peysu til sýnis og fyrirmyndar, ef konur sæu sér fært að vinna að því, að koma upp eins peysum til sölu. Mikið var rætt um þetta mál og voru dálítið skiptar skoðanir um það, hver heppilegasta leiðin væri, en óskiptur vilji lýsti sér hjá konum með það, að reyna í framtíðinni með sölu á bandi eða flíkum, unnið úr ull. Engin föst ákvörðun var tekin með þetta á fundinum, en málið látið bíða næsta fundar.

2. Sambandsfundur. Ákveðið er, að sambandsfundur í „Kvennabandi" V. Húnavatnssýslu verði haldinn í Reykjaskóla 18. maí n. k. Iðnsýning verður í sambandi við fundinn. Kosning fór fram, á fulltrúum á fundinn.

Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir. Margrét Jóhannesdóttir var kosin til að sjá um sýninguna.

3. Garðyrkja. Formaður hafði framsögu í því máli vanaðist framsögukona eftir því, að konur létu ekki hugfallast, þó illa hafi gengið með uppskeru nú á síðustu árum. Félagið á óeyddann styrk frá s. l. vori, benti formaður á, að konur gætu fengið keyptar plöntur fyrir hann, ef óskað væri eftir. Nokkrar konur vildu taka þátt í plöntukaupum, en engin fast ákvörðun var tekin með pantanir að sinni.

4. Málefnanefnd. Formaður óskaði eftir að kosin yrði málefnanefnd, ef það gæti áorkað því, að fleiri konur bæru fram málefni á fundum félagsins.
Samþykkt var, að kjósa þrjár konur í málefnanefnd fyrir n. k. vetur. Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir og Jóhanna Björnsdóttir

5. Hjúkrunarkona. Formaður skýrði frá því, að fyrir nokkrum árum kom til umræðu á sambandsfundi

að útvega hjúkrunarkonu eða hjálparstúlku til að starfa að hjúkrun á félagssvæðinu. Nú býðst stúlka til þeirra starfa. Tillaga kom fram frá Kristínu Gunnarsdóttir um það, að grenslast eftir hvort læknirinn á Hvammstanga vildi ekki taka stúlku til að kenna hjúkrun, svo ekki þyrfti að kosta hana á Landspítalanum. Sú tillaga var samþykkt. Enga aðra ákvörðun tók fundur-inn í þessu máli.

6. Réttardagurinn. Kosning fór fram á konum í réttar nefnd. Kosningu hlutu: Kristín Árnadóttir, Elísabet Gísladóttir, Sigríður Jónsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Ólöf Pétursdóttir.

7. Skemmtisamkoma. Kosnar voru í skemmtinefnd: Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Hrefna Hinriksdóttir, Margrét Meldal og Margrét Jóhannesdóttir. Samþykkt var, að hafa barnaskemmtun n.k. vor, bjóða börnum og aðstandendum þeirra. Einnig var ákveðið, að hafa opinbera skemmtun fyrir alla síðari hluta þess sama dags. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

74. fundargjörð.

Fundur í Kvennfélaginu „Freyja“ var settur og haldinn í samkomuhúsi u.m.f. „Víðir“ 23. okt. 1939. Fundarritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Barnasamkoma. Formaður félagsins óskaði eftir að konur gæfu upplýsingar um það, hvað þær hefðu lagt til samkomunnar og leggðu þá reikninga fyrir næsta fund.

2. Réttardagurinn. Tekjur af kaffisölu þá daga voru 118 kr. (brúttó.) Sökum þess, að konur voru ekki mættar sem unnu að undirbúningi fyrir kaffisöluna, var ekki hægt að ganga frá reikningum. Hansínu Guðmundsdóttir voru borgaðar kr. 5,00 fyrir vinnu annann réttardaginn.

3. Tóvinna. Formaður skýrði frá því, að samilegar undirtektir hefðu verið úr sveitunum með að leggja til ull í samlagið og vanaðist framsögukona eftir því, að konur gætu framleitt eitthvað úr ull til sölu þennan n.k. vetur. Konur óskuðu eftir, að formaður útvegaði þeim

hringprjóna, bæði stóra og smáa, 30 í allt.
Formaður vanaðist eftir að konur gætu lagt til 2-3 kg af bandi í teppi, sem þær hjálpuðust að að koma upp í vetur, til að selja. Var það samþykt.

7. Skemmtisamkoma. Formanni fannst að félagið þyrfti að koma á samkomu um jólin. Töluvert var rætt um undirbúning fyrir skemmtunina, sem konur óskuðu eftir að gæti komist á, en flestar voru þeirrar skoðunar, að heppilegast væri að kvennfélagið og ungmennafélagið stæði saman með skemmtunina og væri þá reynt að vanda vel til hennar.
Kosnar voru til að leita undirtekta hjá u. m. fél. „Viðir“ þessar konur: Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
Fleira ekki tekið til umræðu. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

75. fundargjörð

Fimmtudaginn 8. febr. 1940 var aðalfundur í Kvennfélag-
inu „Freyja“ settur og haldinn í U. M. F. húsinu.
14 konur voru mættar. Aðalfundur gat ekki komist á fyr
fyrir slæmri tíð. Formaður setti fundinn og til nefndi
ritara, Fríðu Sigurbjörnsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins: Gjaldkeri las upp reikninga
félagsins, voru þeir samþykktir í einu hljóði.
2. Barnaskemmtun. Fundurinn ákvað að halda barna-
samkomu n. k. vor. Kosnar voru þessar 5 konur í
skemmtinefnd: Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Jóhannes-
dóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Svafa Benediktsdóttir og
Hrefna Hinriksdóttir.
3. Finnlandssöfnun. Formaður skýrði frá því, að
Jóhanna Björnsdóttir hefði stungið upp á því, að
félagið gæfi í Finnlandssöfnunina litla fjárupphæð.
Sökum þess að ekki var hægt að ná til félagskvenna
nema fárra, ákvað stjórn félagsins að senda kr. 100.00

- hundrað krónur - í Finnlandssöfnunina, án vitundar allra félagskvenna. Umræður urðu um málið, en allar fundarkonur samþykktu með ánægju gjörðir félagsstjórnar í þessu máli.

4. Sambandsfundur. Fundurinn felur formanni félagsins að komast eftir því, hvort Kvenfélagið á Vatnsnesinu vildi taka að sér sambandsfundinn n.k. vor. Fulltrúar á fundinn voru kosnar: Kristín Gunnarsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Til vara Fríða Sigurbjörnsdóttir og Þórdís Pétursdóttir.

Fleira lág ekki fyrir fundi. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

76. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ 19. maí 1940 í samkomuhúsinu u. m. f. „Vídir“.

9 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Barnasamkoman. Formaður óskaði eftir að skemmtinefndin skýrði frá störfum sínum og ákvörðunum fyrir fyrirhugaða barnasamkomu. Umræður fóru fram um þennann undirbúning og var samþykkt að konur leggðu til allt, til veitinga á samkomunni, nema kakaó og sykur.

2. Sambandsfundur. Ákveðið er að fara út að Illugastöðum á sambandsfund 9. júní n. k. Fundurinn samþykkti að félagið leggði fram kr. 40,00 – fjörutíu krónur – í ferðakostnað, að öðru leyti kostuðu konur sig sjálfar.

3. Réttardagurinn. Fríða Sigurbjörnsdóttir var kosin til að sjá um kaffisöluna, en til að vinna að undirbúningi hluta þessar konur kosningu: Herdís Sturlu-

dóttir, Sigríður Jónsdóttir, Svava Benediktsdóttir, Hrefna Hinriksdóttir og Kristín Gunnarsdóttir.

4. Tóvinnunefnd. Kosningu hlutu: Herdís Sturludóttir Fríða Sigurbjörnsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir.

5. Trjáplöntur. Formaður skýrði fundinum frá því að pantaðar hefðu verið trjáplöntur, sem yrði svo skipt á milli félagskvenna.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

77. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í Kvennfél. „Freyja“ 25. okt. 1940 í samkomuhúsi U. M. F. „Víðir.“ 16 konur voru mættar.

Dagskrá fundarins:

1. Lesnir upp reikningar félagsins. Voru þeir samþyktir óbreyttir.
2. Réttardagurinn. Tekjur af kaffisölu á réttardögunum voru 141.50 kr. (brútto) en ekki var hægt að ganga hreint frá útgjöldum, en áætluð voru þau alt að kr. 50,00 þar af borgaðar kr. 10,00 til Hansínu Guðmundsdóttur fyrir vinnu tvo réttardaga.
3. Vefnaðarkona. Formaður skýrði fundinum frá því, að Sigríður Stefansdóttir frá Holtastöðum taki að sér vefnað á Lækjamóti í vetur. Ef konur vildu sinna því að fá ofið, gætu þær snúið sér til hennar. Engin föst ákvörðun var tekin um það, hvort konur fengju ofið þar, en samþykt var að kaupa vefstól, sem boðinn er til kaups á kr. 50,00 og sameina hann, að einhverju leyti ~~við~~ Kvennfél-

-ags vefstólnum, en selja það, sem ekki yrði notað.
Ennfremur var ákveðið að selja peysuna, sem fél. keypti af „Íslenzkri ull“ á Kr. 25,00.
Formaður vonaðist eftir að konur gætu unnið eitthvað til sölu í vetur, benti hún á, að vel unnir sokkar væru alltaf útgengileg vara, en þá þyrfti helst að selja í dúsína tali og hafa sokkana sem líkasta að lögun og grófleik.
Samþykkt var að reyna þetta ef möguleikar væru fyrir hendi.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

78. fundargjörð.

Sunnudaginn 30. mars 1941 var fundur settur og haldinn í Kvennfél. „Freyja" að Lækjamóti. 13 fundarkonur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Fríðu Sigurbjörnsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldkeri félagsins las upp reikninga fél. og skýrði frá hag þess

2. Plöntukaup. Kristín Gunnarsdóttir vakti máls á því að konur pöntuðu plöntur frá Ytri-Reykjum. Voru konur mjög áhugasamar um það og var ákveðið að panta 600 plöntur sem skipt yrði á milli félags kvenna.

3. Sambandsfundur. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir. Formaður sagði frá því, að Kvennfélagið á Hvammstanga vildi halda sambandsfundinn og hafa iðnsýningu samhliða. Kosningu í sýningarnefnd hlutu: Herdís Jóhannesdóttir. Margrét Jóhannesdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.

4. Barnasamkoman. Formaður minntist á hana, að ekki væri

annað að segja en allir væru ánægðir, sem þar hefðu verið staddir á síðast liðnu vori. Taldi formaður æskilegt, að sömu konurnar vildu verða í nefndinni áfram. Ein nefndarkvenna, Fríða Sigurbjörnsdóttir lét þá skoðun í ljósi, að réttara væri að skifta um konur í nefndinni og væru sjálfsagt margar konur eins vel fallnar til þess. Konur ræddu um þetta og óskuðu eftir að sömu konurnar störfuðu í nefndinni áfram. Gáfu þær kost á, að undirbúa fyrir næstu barnaskemtun, en þær eru: Margrét Jóhannesdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Hrefna Hinriksdóttir og Margrét Meldal. Fleira lá ekki fyrir fundinum og var fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

79. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í „Víðihlíð“ af Kvennfélaginu „Freyja“ 3. júní 1941. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Ritari kosin Margrét Jóhannesdóttir. Lýsti formaður ánægju sinni yfir því, að koma saman á svona góðum degi og líta þann gróður, sem konur eiga í vöndum, en 600 plöntum, blómkál og hvítkál var skift upp á fundinum á milli félagskvenna.

Dagskrá fundarins:

1. Barnaskemtuninn. Skemtinefndin leitaði álits félagskvenna um fyrirhugaða barnasamkomu, hvernig tilhögun hennar ætti að verða. Voru konur yfirleitt því meðmæltar að hafa skemtunina og fúsar á að leggja til kökur úr ½ kg. hver. Ekki var hægt að svo stöddu að ákveða daginn. Töluvert var rætt um skemtiferð, er konur geta búist við að fara þetta vor á vegum kaupfélagsins.
2. Réttardagurinn. Kosning fór fram á konum í réttarnefnd. Þessar hlutu kosningu: Bóthildur Pétursdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Jónína S. Líndal og Margrét Jóhannesdóttir.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og var því fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

80. fundargjörð.

Laugardaginn 10. október 1941 var aðalfundur kvenfélagsins „Freyja“ settur og haldinn að „Víðihlíð“; 15 félagskonur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Fríðu Sigurbjörnsdóttir. Formaður bauð konur velkomnar og gat þess, að óvanalegt væri að hafa fund á þessum tíma árs. Veðrið var yndislegt, valdist formaður til þess að fundurinn yrði haldinn úti og var það gjört. Ein kona bættist við í félagið, Friðbjörg Ívarsdóttir, var henni vel fagnað.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Féhirðir las upp reikninga félagsins, voru þeir samþykktir óbreyttir.

2. Réttardagurinn. Fríða Sigurbjörnsdóttir gjörði grein fyrir störfum réttarnefndar. Veðrið var mjög hvast og var því illmögulegt að ráða við neitt og halda fjöldunum uppi ~~og~~

og hafði það fyrir kaffisölunni. Inn komu 273,00 kr.
3. Vefjarkonan. Formaður skýrði konum frá því að hún væri búin að ráða vefjarkonu fyrir sambandið. Var tekið til umræðu hvað konur vildu láta vefa, sérstaklega höfðu konur áhuga fyrir, að láta vefa dívanteppi
4. Eldavél. Guðrún Guðmundsdóttir hóf máls á því, að félagið keypti eldavél og gæfi ungmennafélaginu. Miklar umræður urðu um það og voru konur því meðmæltar að kaupa eldavél. Samþykkt var að kaupa eldavél, sem félögin ættu bæði í sameiningu. Leggur kvennfélagið til kr. 200,00 til eldavélar kaupa, gegn því, að kvennfélagið hefði aðgang að vélinni, þegað það þyrfti þess með.
5. Skemtisamkoma. Guðrún Guðmundsdóttir og Kristín Jónsdóttir vöktu máls á því, að félagið þyrfti að halda skemtun til að afla sér inntekta. Var dauft hljóð í konum fyrst í stað, en eftir allmiklar umræður var ákveðið að halda skemtun eftir þrjár vikur. Í skemtinefnd voru kosnar: Herdís Jóhannesdóttir, Hrefna Hinriksdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir

Guðrún Guðmundsdóttir og Kristín Jónsdóttir.
Að síðustu bar formaður það undir fundinn, hvort konur vildu ekki heldur hafa fundi á n. k. vetri heima á heimilunum. Ef mikil frost væru að vetrinum, þyrftu mikil kol til að hita húsið upp, svo viðunanlegt væri. Konur samþykktu það og buðu margar fram fundarstaði. Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

81. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Lækjamóti 28. des. 1941.
í Kvennfélaginu „Freyja". 10 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og kaus ritara. Margréti Jóhannesdóttur

Dagskrá fundarins:

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Vefjarkonan. Samkvæmt ákvörðun síðasta fundar verður vefjarkonan hér í sveitinni mánaðartíma við vefnað. Gjört er ráð fyrir að hún verði á Lækjamóti.
3. Formaður kom með þá tillögu, að reyna koma fávitanum frá Stóruhlíð á fávitahæli. Vann hún að því s. l. haust að koma honum þar fyrir. Konur voru þessu meðmæltar og ennfremur var ákveðið að Kvennfélagið leggði til kr. 150,00 til fatakaupa handa drengnum eða móður hans fyrir ferðina.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

82. fundargjörð.

26. maí 1942 var fundur settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að „Víðihlíð“. 20 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Vetrarvinnan. Formaður skýrði frá því, að vefjarkonan hefði ofið töluvert á gamla vefstólinn á Lækjamóti um veturinn og væri hann vel nothæfur. 5 bekkábreiður voru ofnar, ennfremur nokkrir mtr. af gólfrenningum.

2. Barnasamkoman. Töluvert var rætt um fyrirhugaða barnask. en sökum kíghóstahættu var ákveðið að láta hana falla niður þetta vor. Var gengið til atkvæða með málið og voru allar konur mótfallnar samkomunni.

3. Sambandsfundur. Formaður gaf þá yfirlýsingu að

nú bæri Miðfirskum konum að hafa fundinn í vor eftir röðinni. Var þá gengið til atkvæða talningu á kosnum fulltrúum á samb. f. Kosningu hlutu: Kristín Gunnarsdóttir og Þórdís Pétursdóttir. Til vara: Margrét Jóhannesdóttir og Jóhanna Björnsdóttir.
4. Réttardagurinn. Kosningu hlutu í réttarnefnd: Herdís Sturludóttir, Elísabet Gísladóttir, Ólöf Pétursdóttir og Svafa Benediktsdóttir. Fleira lá ekki fyrir og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

83. fundargjörð.

6. nóv. 1942 var aðalfundur settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að Auðunarstöðum. 13 félagskonur voru mættar.

Formaður setti fundinn og tilnefndi ritara Margréti Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Féhirðir las upp reikninga félagsins, voru þeir samþyktir óbreyttir.
2. Plöntukaup. Borgaðar voru plöntur sem félagskonur keyptu s.l. vor frá Reykjum í Miðfirði.
3. Réttardagurinn. Féhirðir skýrði frá því, hvað inn kom réttardagana. Brúttó tekjur voru kr. 619,00. Sökum þess, að þær konur voru ekki mættar á fundinum sem sem störfuðu þetta haust í réttarnefnd, var ekki hægt að vita alveg um til kostnað; en konum sem störfuðu að kaffisölunni réttardagana var borgað sem hér segir:

Elísabetu Teitsdóttur Kr. 30,00, Hansínu Guðmundsdóttur Kr. 25,00 og Ellu Guðmundsdóttur Kr. 10,00.
Útgjaldaliðir er Kr. 170,48.
4. Skemmtisamkoma. Ákveðið var að hafa samkomu fyrir jól, féllust konur á, að hafa það grímudansleik. Nefnd var kosin til að annast undirbúning fyrir samkomuna. Þessar konur hlutu kosningu: Heiðís Jóhannesdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Fríðbjörg Ísaksdóttir, Heiðís Bjarnadóttir og Kristín Árnadóttir.
5. Heiðursfélagi. Formaður bar upp þá tillögu í samráði við aðrar félagskonur, að Kvenfél. gjörði að heiðursfélaga elstu konu félagsins, Jóhönnu Björnsdóttir Víðidalstungu Var því tekið með ánægju og tillagan samþykt í einu hljóði. Heiðursfélagi þakkaði auðsýnda sæmd.
Fleira lá ekki fyrir og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
ritari.

84. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að Víðihlíð 15. júní 1943. 11 félagskonur voru mættar. Ein kona bættist við í félagið, Sigríður Konráðsdóttir Stórhól. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Gat formaður þess, að sökum ótryggar og erfiðrar veðráttu hefði á s. l. vetri lítið verið unnið að félagsmálum yfirleitt í sýslunni. Þá var gengið að fundarstörfum og ritari kosinn, Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Féhirðir skýrði frá tekjum og gjöldum félagsins eins og hægt var, ennfremur skýrði hann frá því, að það sem inn kom fyrir skemmtunina sem haldin var í nóv. s. l. voru Kr. 470,00 (brúttó.)

2. Þorgeirssjóður. Formaður skýrði frá því, að þessi sjóður hefði verið stofnaður 1930 að tilhlutan Aðalheiðar

Jónsdóttur, en sökum þess, að ekki var réttilega frá
skipulagsskránni gengið í upphafi, hefir hún ekki
hlotið staðfestingu hjá sýslumanni. Nú hefir stjórn
sjóðsins endursamið ~~skrá~~ skrána, svo hún eignist nú réttkap
Sjóðurinn er nú á vöxtum, að upphæð kr. 478,00
Lét formaður þá ósk í ljósi, að félagið bætti við sem
ávantar í kr. 500,00. Eftir stuttar umræður var það
samþykkt af fundinum í einu hljóði.

3. Barnasamkoma. Formaður leitaði eftir því hjá
konum, hvort þeim væri það áhugamál að hafa barna-
samkomu í vor. Sökum mislinga hættu í sveitinni var
ákveðið að fresta samkomunni. Enn ef ástæður leyfðu
seinna í sumar og konur sæu sér fært að koma börnum
sínum saman, þá var tekin sú ákvörðun að kjósa
nefnd til að vinna að þessu í samráði við stjórnina.
Kosningu hlutu: Herdís Sturludóttir, Guðrún Daníels-
dóttir, Ólöf Pétursdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir

4. Sambandsfundur. Kosning fór fram á konum á sambandsfund, sem haldinn verður að venju á sumrinu. Ekki var ráðið hvar fundarstaður yrði að þessu sinni. Kosningu hlutu á sambandsfund: Kristín Gunnarsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Til vara: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Herdís Sturludóttir.

5. Réttardagurinn. Erfiðleikar eru á því, að hafa kaffisölu á réttardaginn, sem og að undanförnu, sökum þess, að tjaldið er ónýtt og hitunaráhöld ónothæf, en þó sér fundurinn sér ekki annað fært en ákveða undirbúning fyrir næstu réttardaga, með því að kjósa í réttarnefnd þessar konur: Kristín Árnadóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Friðbjörg Ísaksdóttir, Guðrún Daníelsdóttir og Sigríður Konráðsdóttir.

6. Noregssöfnun. Formaður óskaði eftir að konur hugsuðu til þess n. k. vetur að vinna eitthvað fyrir Noregssöfnunina, helst að gefa ullarflíkur. Til atkvæða var gengið

með málið, eftir að það hefði litils háttar verið rætt og var það samþykt með öllum atkvæðum.
Fleira ekki tekið fyrir á fundinum og var fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

85. fundargjörð.

Miðvikudaginn 3. nóv. 1943 var aðalfundur Kvenfél. „Freyja" settur og haldinn að Auðunarstöðum. Mættar voru 10 konur.
Formaður setti fundinn og nefndi til fundarritara Margréti Meldal. Formaður bauð fundarkonur velkomnar

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Féhirðir las upp reikninga félagsins og voru þeir samþyktir óbreyttir.
2. Réttardagurinn.

Inn komu kr. 670,00. Ágóði af sölunni var nettó kr. 413,00
Fundarkonur ræddu um, að það væri alveg óviðunandi
annað en að koma upp skúr, eða kaupa tjald til
notkunar fyrir næsta haust vegna kaffisölunnar.
Kosnar voru þrjár konur í bygginga nefnd, þær:
Jónína Lindal, Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigur-
björnsdóttir.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi
slitið.
Margrét Jóhannesdóttir (ritari)

86. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja“ að
Víðihlíð 27. febr. 1947. 10 félagskonur voru mættar.
Formaður gat ekki mætt á fundinum, sökum lasleika
setti Kristín Gunnarsdóttir fundinn og stjórnaði honum.
Ritari var tilnefndur Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Kvennaskóla boð. Kosning fór fram á konum, til að

mæta í boði Blönduósskvennaskóla dagana 29. og 30.
mars n. k. Sökum þess, hvað erfitt er fyrir konur að komast að heiman voru aðeins tvær konur, sem komu til greina, þær Sigrún Jónsdóttir og Herdís Bjarnadóttir til vara.

2. Lampakaup. Féhirðir leitaði álits fundarkvenna um það, hvort þeim fyndist ekki þörf á að kaupa lampa í stofu í samkomuhúsinu. Voru allar fundarkonur því meðmæltar, en ef ekki yrði af þeim kaupum, kom konum saman um að leggja fram litla fjárhæð í þágu ungm. félagsins.

3. Skemmtidagur. Féhirðir lét í ljósi þá ósk sína, að félagskonur tileinkuðu sér ákveðinn sunnudag að vorinu eða sumrinu og notuðu hann á einhvern hátt sér til upplyftingar og skemmtunar, einnig hvort konum þætti ekki æskilegt að gjöra það seinna að lögum í félaginu. Voru fundarkonur þessari nýbreytni sam-

þykkar.
Fleira lá ekki fyrir til umræðna.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

87. fundargjörð.

10. april 1944 var settur fundur í Kvenfélaginu „Freyja“ að Víðiklíð. 12 konur voru mættar, þar meðtalin ein af stofnendum félagsins, Soffía Guttormsdóttir frá Síðu. Fögnuðu konur henni vel.
Formaður gat ekki mætt, sökum veikinda.
Féhirðir stjórnaði fundinum og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Barnasamkoma. Málshefjandi Kristín Gunnarsdóttir Nokkrar umræður urðu um málið og óskuðu konur eftir að hægt væri að koma á barnaskemmtun n.k. var

Kosning fór fram á eftir töldum konum til að sjá um undirbúning fyrir barnaskemmtunina: Kristín Gunnarsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir, Friðbjörg Ísaksdóttir, Herdís Bjarnadóttir, Guðrún Daníelsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.

2. Sambandsfundur. Ákveðið er, að hann verði á vegum félagsins „Freyju“ n. k. vor. Eiga félagskonur að annast undirbúning fyrir fundinn og stuðla að því, að hann fari sem ánægjulegast fram.

3. Kvennaskólaboð. Herdís Bjarnadóttir skýrði frá för sinni út á skólann. Lét hún mjög vel af móttökum þar og hafði mikla ánægju af förinni.

Fleira var ekki tekið til meðferðar á fundinum og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir

(ritari)

88. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Víðihlíð 20. ágúst 1944. Formaður setti fundinn og til nefndi ritara Margréti Jóhannesdóttir. Ein kona bættist í fél. Lilja Jóhannesdóttir Enniskoti

Dagskrá fundarins:

1. Barnasamkoma. 11. júní var haldin barnasamkoma, sem var mjög fjölmenn, mætti þar fjöldi barna ásamt foreldrum þeirra. Konur kostuðu að mestu leyti allan undirbúning, en fél. tók þátt í kostnaði með bíl, sem notaður var til flutninga með fólkið.

2. Réttardagurinn. Nefnd sú sem kosin var, til að athuga „bragga“ kaup til notkunar á réttardaginn er horfin frá því, en hyggur heppilegra að kaupa stórt tjald, ef þau væru fáanleg. Prihólfuð olíuvél var keypt af félaginu á móti ungm. félaginu, til notkunar í samkomuhúsinu, sem kostaði kr. 100,00.

Ketil keypt félagið ennfremur á Kr. 32.00.
Kosnar konur í réttarnefnd voru þessar: Fríða Sigur-
björnsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir
Anna Teitsdóttir og Sigríður Jónsdóttir.
Til að sjá um kaffisöluna réttardagana hlutu kosningu,
Guðrún Danielsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir.
Einnig var ákveðið að reyna að fá Hansínu Guðmundsdóttir
til að annast kaffihitun.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi
slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

89. Fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Lækjamóti 28. nóv. 1944. 13 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og til nefndi ritara Margréti Jóhannesdóttir

Dagskrá fundarins.

1. Kosinn vara féhirðir og vara ritari. Kosningu hlutu: Guðrún Daníelsdóttir féhirðir, Herdís Sturludóttir ritari. Aðal féhirðir félagsins Kristín Gunnarsdóttir mætti ekki á fundinum og þar af leiðandi ekki hægt að ganga frá reikningum félagsins.

2. Formaður las upp bréf, þar sem til greindar voru eignir fél. að mestu og verðmæti þeirra. Fylgir skráin fundargjörða bókinni

3. Tvær konur óskuðu eftir inntöku í félagið utan félagssvæðis, þær Lára Jóhannesdóttir Fitjum og Jónína Árnadóttir Finnmörk. Umræður miklar urðu um það

hvort þeim skildi leyfð inntaka í fél. Að síðustu var gengið til atkvæða um málið og var samþykt að taka þær í félagið.

4. Bréf frá „Kvenréttindafélagi Íslands"

Form. lagði fram bréf frá fél. til athugunar fyrir konur. Ræddu konur lítilsháttar um áður greind bréf, en engin ákvörðun var tekin um þau mál að sinni.

5. Minningarsjóður Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.

Form skýrði frá því, að K.R.F.Í hefði ákveðið að stofna sjóð til minningar um Bríeti Bjarnhéðinsdóttir. Að veita úr honum námsstyrki til kvenna, sem færar eru um að taka að sér forystu í kvenréttindamálum. Var gengið til atkvæða með það, að leggja fram kr. 100,00 í Minningarsjóðinn. Samþyktu konur það í einu hljóði. Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður honum slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

90. fundargjörð

Fundur var settur og haldinn að „Víðihlíð“ 6. maí 1945 í Kv.fél. „Freyja“. 18 félagskonur voru mættar. Í fjarveru formanns stjórnaði vara form. Fríða Sigurbjörnsd. fundinum. Ritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Reikningar félagsins athugaðir og gengið frá síðastliðnum ársdögum eins og unt var.
2. Barnasamkoma. Fundurinn ákvað að hafa skemmtun fyrir börn um mánaðarm. maí-júní. Kosnar voru konur til að annast skemmti atriði fyrir börnin.

3. Samsæti. Rætt var um fyrirhugað samsæti, sem sveitin heldur þeim Auðunarstaða hjónum, Kristínu Gunnarsdóttir og Guðmundi Jóhannessyni, sem nú eru til

til heimilis á Hvammstanga. Var áður samþykt af bændum í samráði við konur að gefa þeim skáp, en svo var til umræðu á fundinum að kvenfél sýndi Kristínu þakklæti fyrir ágæta samvinnu í félaginu á undangengnum árum með því að gefa henni eitthvað til minja um félagið. Tillaga kom frá Þórdísi Bjarnadóttur um að gefa henni rafurmagnslampa. Var þeirri tillögu mjög vel tekið af konum og var hún samþykt í einu hljóði.
Skipt var niður á konur að annast undirbúning allan fyrir samsætið og ákveðið var, að það yrði haldið að Víðihlíð 10. júní ef ekkert ófyrirséð stæði í vegi.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

91. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. Freyja að Víðihlíð 29. júlí 1945. 5 konur voru mættar.
Formaður mætti á fundinum og ákvað þrátt fyrir hvað fáar konur voru mættar, að láta fara fram kosningu í útlánanefnd.
Kosningu hlutu: Sigrún Kolugili, Ingibjörg Laufási, Herdís r. Þorkelshóli, Sigríður Kambhól og Þórdís Þórukoti.
Guðrún Danielsdóttir var kosin til að sjá um kaffisöluna á fundadagana, með aðstoð Soffíu Guðmundsdóttur Laufási.
Ennfremur leitaði formaður álits fundarkvenna um það, hvort þeim fyndist ekki tiltækilegt að reyna að koma á námskeiði í haust fyrir konur eða ungar stúlkur, þar sem þær fengju tilsögn í matartilbúningi og vefnaði.
Sökum þess hvað fáar konur voru mættar, var ekki hægt að ganga fyllilega frá þessu, en konur létu ánægju sína í ljósi yfir því, ef hægt væri að starfrækja þvílíkt námskeið.
Kennari við þetta fyrirhugaða námskeið er Rannveig Líndal.

Fundi slitið. Margrét Jóhannesdóttir (ritari)

92. fundargjörð.

Aðalfundur í Kvenfél. „Freyja“ var settur og haldinn að „Víðihlíð“ 18. nóv. 1945. 14 konur voru mættar.
Í fjarveru formanns boðaði vara formaður fundinn og stjórnaði honum. Ritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir

Dagskrá fundarins.

1. Reikningsskil. Féhirðir fél. Kristín Gunnarsdóttir mætti á fundinum og skilaði af sér til vara féhirðis bókum félagsins og þeim reikningum, sem hún hafði undir hendi, óskaði hún þess jafnframt, að Guðrún Daníelsdóttir taki við sem aðal féhirðir, þó hún yrði áfram meðlimur Kvenfélagsins. Ennfremur skýrði nýkjörinn aðal féhirðir frá reikningum félagsins.

2. Réttardagar. Ekki var hægt að ganga fyllilega frá réttardögunum, sökum þess, að konur sem unnu að undirbúningi fyrir þá daga gerðu ekki reikninga.
En brúttó tekjur af kaffisölunni voru kr. 594,00. Bogað

fyrir vinnu. Kr. 50,00 til Guðrúnar Daníelsdóttur og Kr. 50,00 til Soffíu Guðmundsdóttur. Ennfremur Kr. 25,00 til Ásu Gunnlaugsdóttur.

3. Spunavélarnar. Þeim var ætlaður starfstími á þeim bæjum, sem hægt var að notfæra sér þær. Er minni vélin tekin til starfa, en stóra vélin er ónotuð enn. Byrjar hún út í dölunum og vinna og heldur fram að vetrar.

4. Minningargjöf. Formaður minntist nýlátinnar merkiskonu, sem félagið á á bak að sjá, Þórdísar Pétursdóttur. Bað fundarkonur að rísa úr sætum sínum og votta með því þessari nýlátnu félagskonu virðing sína.

Tillaga. Kom frá formanni þess efnis, að félagið gæfi litla minningargjöf um Þórdísi Pétursdóttur.

Voru konur því mjög meðmæltar. Ákveðið var að gefa kr. 50,00. Margréti Jóhannesdóttur var falið að grennslast eftir, hvort [illegible] Íslands gæfi út minningarspjöld, var þá ákveðið að senda gjöfina þangað, en annars til Slysavarnafél. Íslands, sem gefur út spjöld.

Ákveðið var, að ganga frá þessu sem fyrst.

Fleira var ekki tekið fyrir og sagði form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

## 93. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í Kvenfél. Freyja 9. nóv. 1946 að Stóru-Ásgeirsá. 19 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Lög félagsins. Formaður las upp lög fél. og kom með þá tillögu, að breyta 5. gr. fél. laganna þannig, að aðalfundur fél. verði framvegis haldinn í febr. eða mars ár hvert, í staðinn fyrir í nóv. Ennfremur var samþykt að breyta 10. gr. laganna þannig, að árstillagið verði eftirleiðis kr. 5.00 í stað kr. 2.00. Þrjár konur bættust í fél. Erla Guðmundsdóttir

Auðunarstöðum, Ingibjörg Ólafsdóttir s. st. og Jósefína Björnsdóttir Galtanesi.
2. Reikningar fél. Féhirðir las upp reikninga fél. Voru þeir samþykktir.
3. Réttardagurinn. Féhirðir fél. Guðrún Daníelsdóttir skýrði frá kaffisölunni s. l. haust. Ágóði af sölunni báða dagana voru kr. 531,oo brúttó. Ákveðið var, að fela féhirðir að gjöra upp við þær stúlkur, sem unnu við kaffisöluna og ákváðu félagskonur að borga Guðrúnu Daníelsdóttur, sem sá um kaffisöluna kr. 30,oo á dag.
4. Spunavélarnar. Formaður gjörði þá fyrirspurn til fundarins, hvort konur byggjust við að nota vélarnar í vetur. Nokkrar konur gáfu sig fram, sem höfðu hug á að nota vélarnar.
5. Minnismerki Ásdísar á Bjargi. Sýslumaður Húnavatnssýslu Guðbr. Ísberg bar fram þá tillögu á sýslufundi fyrir tveim árum síðan, að sýslan safnaði í sjóð, sem varið yrði á sínum tíma til að reisa fyrir minnismerki Ásdísar á Bjargi. Gaf sýslum. kr. 1000,oo í sjóð þennan, en hver sýslunefndarmaður

kr. 100,00. Form. óskaði eftir að konur segðu álit sitt um það, hvort þeim findist ekki réttmætt, að fél. leggði fram kr. 500,00 í sjóð þennan. Eftir nokkrar umræður var málið borið upp fyrir fundinn og samþykt í einu hljóði.

6. Hallveigarstaðir. Form. skýrði frá því, að stöðugt færi fram söfnun frá félögum og einstaklingum til fyrirhugaðrar Hallveigarstaða í Reykjavík. Mörg nefnd og þorp hafa gefið í herbergi kr. 10.000,00. Fannst form. að kv. fél. „Freyja“ gæti tæplega setið aðgjörðarlaust hjá, án þess að leggja fram einhverja fjár upphæð til þessara mála, annaðhvort með beinu framlagi úr fél. eða að fél. héldi skemmtun og verði ágóðanum af henni í herbergi þar. Mál þetta hlaut lítinn byr hjá konum. Form. bar fram þá tillögu, að fél. leggði framm kr. 500,00 til Hallveigarstaða. Var það felt með 7 atkv. gegn 5.

Að síðustu ákvað fundurinn að kjósa 5 konur í skemmtinefnd. Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir, Ingibjörg Olafsdóttir, Ella Guðmundsdóttir, Jósefína Björnsdóttir og Herdís Karlsdóttir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir (ritari)

94. fundargjörð.

Aðalfundur í kvenfél. „Freyja“ var settur og haldinn að Víði-hlíð 6. maí 1947. Varaform. fél. Fríða Sigurbjörnsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum í fjarveru formanns. 15 konur voru mættar. Ein bar fram lausnarbeiðni úr félaginu, Hólmfríður Jónsdóttir Torfa. Kosinn fundarritari Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Féhirðir fél. las upp reikninga fél. og voru þeir samþykktir.

2. Fél. „Freyja“ 30 ára. Formaður skýrði frá því, að nú á næsta sumri yrði fél. 30 ára gamalt. Bar hún fram þá ósk til fundarins, að konur létu í ljós álit sitt um það, á hvern hátt þær álitu æskilegast að haga þessum afmælis fagnaði. Þrjár konur af stofnendum fél. voru þarna mættar, Jóhanna Björnsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Töluverðar umræður urðu um hvert halda skildi, en allar konurnar voru á einu máli með það, að fara í skemmtiferð í tilefni afmælisins. Ákveðið var, að fara för þessa í júní n. k.

Fundarkonum kom saman um að hafa formann félagsins í ráðum með skemmtiferðina, ennfremur fannst þeim æskilegt, að formaður skrifaði um fél. í „Hlín“ eða annað tímarit á þessum tíma-mótum þess.

3. Kosning á sambandsfund. Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Til vara: Ella Guðmundsdóttir og Herdís Sturludóttir.

4. Gjöf til félagsins. Sigríður Bjarnadóttir Dal sendi fél. að gjöf kaffiketil, sem var móttekinn með áskertri ánægju og þakklæti.

Fleira lá ekki fyrir, fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

97. fundargjörð.

Föstudaginn 16. jan. 1948 var fundur haldinn að Víðihlíð í Kvenfél. Freyja. 16 konur voru mættar og ein kona bættist í fél. Guðrún Ingadóttir Hrappsstöðum.
Varaform. setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttir
Form. lét ánægju sína í ljósi yfir því, að sjá svona margar konur staddar á fundinum, hefir erfiðlega gengið að koma á fundi sökum ills veðurfars.

Dagskrá fundarins:

1. Tekjur af kaffisölu. Féhirðir skýrði frá því hvað inn kom réttardagana. Voru það kr. 710,00 brutto. Ógjört var upp við þær konur, sem bökuðu fyrir réttirnar sökum þess, að haust fundur fél. féll niður. Árstillög og spunavélargjöld voru greidd á fundinum.

2. Skemmtisamkoma. Óskir komu frá konum um það að reyna að koma á skemmtun. Skemmtinefnd var kosin á s. l. vetri, sem ekkert hefir starfað sökum ýmissa erfiðleika, var hún nú endur kosin. Ákveðið var að hafa skemmtunina á Þorraþræl. Ennfremur var samþykkt að hafa bögglauppboð til

tekna fyrir fél. og að hver kona leggði til þyjá böggla.
Margrét Jóhannesdóttir lét þá ósk í ljósi til fundarkvenna að þær sendu afmælisskeyti til formanns fél. sem er 60 ára um þessar mundir og dvelur nú sem sjúklingur í Reykjavík.
Var það samþykkt í einu hljóði.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

96. fundargjörð.

Aðalfundur kvenfél. „Freyja" var haldinn að Víðihlíð 13. marz 1948. Mættar voru 11 konur. Varaform. Fríða Sigurbjörnsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum vegna fjarveru formanns.
Þessi mál voru tekin fyrir:
1. Lesnir reikningar félagsins. Tekjur voru alls á árinu kr. 1179,66, þar af voru nettó tekjur af kaffisölunni á réttadaginn kr. 893,00. Gjöld voru á árinu kr. 1049,00. Inneign í sparisjóði kr. 1178,17. Inneign í spunavélasjóði kr. 1176,39.
2. Kvennaskólaboð. Kosin kona til að mæta í heimboði kvennask. á Blönduósi. Kosningu hlaut Anna Teitsdóttir Bakka.

3. Kosnir fulltrúar á sambandsfund. Kosnar voru, Margrét Jóhannesdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
4. Tekið á móti gjöfum til barnahjálpar S. Þ.
Kvenfélagið hélt skemmtun 21. febr. til styrktar „Barnahjálp sameinuðu þjóðanna". Netto tekjur af skemmtuninni ásamt nokkrum peningagjöfum er Kv. fél. bárust voru Kr. 2.300,00.
Ennfremur barst eftir talinn fatnaður: 10 pör vettlingar, 23 pör leistar, 3 pör skór, 8 skyrtur, 8 buxur, 7 peisur 2 vesti, 2 pils, 4 telpukjólar, 2 kvenkjólar, 1 svunta, tvenn drengjaföt, 1 karlmannsskyrta, 5 kápur, 1 jakki.
Fatnaður þessi var allur athugaður og síðan sendur til umboðsmanns B. S. Þ. á Hv. tanga. Peningar voru aftur á móti sendir beint til skrifstofu B. S. Þ. í Reykjavík.
Fundarritari Herdís Brynjudóttir.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Gjafir er seinna bárust til B. S. Þ.: Margrét Jóhannesdóttir (ritari.)
5 pör leistar úr ull, 5 st. skyrtur úr ull,
2 krakkakjólar, 1 vesti úr ull, 1 barnasokkar, 1 svárbordi.
Meðtekið 18. marz. 1948.

97. fundargjörð

Fundur var settur og haldinn að Víðihlíð 28. maí 1948 í Kvenfél. Freyja. 18 konur voru mættar.
Form. fél. Jónína Líndal var mætt á fundinum. Hafinn fundarstjóri Fríða Sigurbjörnsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir ritari.

Dagskrá fundarins:

1. Móttaka Valdimars Eylands. Form. setti fundinn og lét í ljósi ánægju sína yfir því, að geta mætt á fundi með félagskonum, eftir langvarandi heilsubilun. Þá var tekið til umræðu, móttaka Valdimars Eylands. Hann er Víðdælingur að ætt, búsettur í Ameríku, en dvelur hér nú ásamt fjölskyldu sinni þetta ár í skiptum við annan prest. Óskað hefir verið eftir því, að hann messaði í Tungukirkju og að aflokinni messu hefir sóknarnefnd ákveðið að halda honum og fjölskyldu hans samsæti í Víðihlíð. Nokkrar umræður urðu um tilhögun samsætisins. Tillaga kom frá Herdísi Björnsdóttir þess efnis, að sveitungar Valdimars gæfu honum minningargjöf. Tillaga kom frá form. svohljóðandi: „Félagið vill vinna að því, að Valdimar Eylands verði boðið að messa í Víðidalstungu kirkju

í samráði við séra Stanley Melax og sjá um góða kirkjusókn og samsæti, sem honum sé haldið." Þessar konur voru kosnar til að sjá um undirbúning: Fríða Sigurbjörnsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.

2. Skemmtiferðin. Konum úr Þorkelshólshreppi stendur til boða þetta var að fara skemmtiferð á vegum K. V. H. Fundarkonur voru allar ákveðnar að fara í þetta sinn suður og austur eins langt og við væri komið. Ekki var hægt að ganga fyllilega frá ferðaáætlun sökum þess, að margar konur voru fjarstaddar sem taka þátt í förinni og sökum ókunnugleika á þessum leiðum. Tvær konur voru kosnar til að semja ferðaáætlun, þær: Jónína Líndal og Heiðdís Skúladóttir.

3. Kvenréttindafél. Íslands. Form. skýrði frá því, að Kv. F. Í. óskaði eftir því, að fél. út um land gengju í Kv. F. Í. Eiga þau þá kost á að senda fulltrúa á fundi þess, og njóta sömu réttinda. Form. leitaði eftir því hjá konum, hvort þær myndu vilja ganga samband Kv. F. Í. Var málið síðan borið upp til atkvæða og fellt með flestum greiddum atkvæðum. Fleira ekki tekið til umræðu og sagði þá form. fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

98. fundargjörð.

Aðalfundur í Kvenfél. „Freyja" var settur og haldinn að Víðihlíð 12 maí 1979. 11 konur voru mættar.

Sökum fjarveru formanns og langvinnrar ótíðar hafði dregist lengur en vera átti að boða til aðalfundar. Mætti hvorugur formaðurinn á fundinum, en féhirðir fél. Guðrún Daníelsdóttir setti fundinn og kaus fyrir fundarstjóra Ingibjörgu Ólafsdóttur og ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins.

1. Lesnir reikningar félagsins. Féhirðir skýrði frá tekjum og gjöldum fél. Var það samþykkt í einu hljóði.
2. Fulltrúar kosnir á sambandsfund. Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Herdís Sturludóttir. Til vara: Sigurbjörg Þórðardóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir.
3. Þvottavél. Framsögukona, Herdís Sturludóttir leitaði eftir hjá fundarkonum hvort þeim fyndist ekki æskilegt, að kvenfélagið gengist fyrir að kaupa eina þvottavél fyrir sveitina og ef hún reyndist vel, gæti komið til mála að

panta fleiri. Nokkrar umræður urðu um málið, var fundurinn því yfirleitt hlyntur. Svohljóðandi tillaga var borin fram af framsögukonu: „Fundurinn óskar eftir að leitað sé upplýsinga um verð og notagildi þvottavéla og sé það lagt fyrir næsta fund.“ Tillagan lesin upp og samþykkt. Framsögukonu, Herdísi Sturludóttir var falið að athuga málið.

4. Skemmtiferð. Rætt var um að konur tækju sér einn sunnudag til skemmtiferðar á vorinu. Ákveðið var, að fara í Vatnsdalinn Ef lítil þátttaka verður hjá félagskonum, verða utan fél. konur teknar með. Kosnar voru tvær konur, til að grennslast eftir um þátttöku í ferðina, þær: Friðbjörg Ísaksdóttir og Herdís Sturludóttir

5. Réttardagurinn. Féhirðir skýrði frá því, hvað inn kom s.l. réttardag. Voru það kr. 670,00 brúttó. Nettotekjur kr. 447,00. Borgað til Guðrúnar Danielsdóttir kr. 30.00; til Jósefínu Björnsdóttur kr. 25,00 og til Ásu Gunnlaugsdóttur kr. 25,00. Ennfremur voru Páli Guðmundssyni Hvarfi borgaðar kr. 25,00 fyrir tjaldflutning

6. Réttardagurinn 1949. Kosnar voru eftirtaldar konur í réttarnefnd: Kristín Ásmundsdóttir, Guðrún Guðm.d. Jónína Árnadóttir og Kristín Árnadóttir. Guðrún Danielsdóttir var kjörin til að annast kaffisöluna.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir

(ritari)

99. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn af Kvenfél. „Freyja" í Víðidal 10. júlí 1949. 8 konur voru mættar.

Formaður fél. Jónína Líndal var mætt á fundinum og stjórnaði honum. Fundaritari kosinn Guðrún Guðmundsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Ullarsala á ofanaf tekinni ull.
Formaður skýrði frá því, að konur myndu fá gott verð fyrir þvegna ofan af tekna ull, því mikil eftirspurn væri eftir henni.
Lítilsháttar umræður urðu um málið, en sökum fólksfæðar á heimilunum bjuggust konur við, að slíkt væri ekki framkvæmanlegt.

2. Skemmtiferðin. Ákveðið var og samþykktað fara í Vatnsdalinn 16. sunnudaginn.

3. Minningarsjóður Ólafíu Jóhannsdóttur.
Formaður óskaði eftir að Kv. fél. „Freyja" leggði fram litla upphæð í þann sjóð. Samþykkt var, að fél. gæfi kr. 200,00. Fundi slitið.

100. fundargjörð

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Víðihlíð 1. nóv. 1949. Varaform. fél. setti fundinn og lýsti því þá jafnframt yfir, að Jónína Líndal hefði nýverið tilkynnt sér, að hún sökum ... segði af sér formennskunni. Fannst framsögukonu skylt, að fara frá förnum formanni þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Þá var gengið til dagskrár og ritari kosinn, Margrét Jóhannesdóttir.

1. Réttardagurinn. Féhirðir skýrði frá tekjum af kaffisölu réttardagana. Brúttó tekjur voru: 1045,00 kr. Þar frá dregst kaup tveggja kvenna, sem unnu að kaffisölunni, kr. 100,00 til hvorrar og borguð úttekt kr. 158,00, svo nettó tekjur verða kr. 697,00.
Er þetta hæsta krónu upphæð, sem kvenfél. hefir hlotnast á réttardagana fyrir kaffisölu.

2. Spunavélarnar. Nú búast fleiri konur við, að notfæra sér vélarnar n. k. vetur, en að undanförnu. Byrjað verður að spinna á stóru vélina á Fitjum og heldur hún svo út dalinn til þeirra kvenna, sem tækifæri hafa til að taka hana.

3. Skemmtisamkoma. Form. skemmtinefndar U. F. V. hefir látið

þá ósk í Gási við formann Kvenfél. að félögin slái sig saman og hafi sameiginlega skemmtun um miðjan veturinn.
Var þessi beiðni borin upp fyrir fundinn. Eftir nokkrar umræður var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Vinnuklúbbar. Tillaga kom frá nokkrum konum um að reyna koma saman til skiptist á heimilinum. 4–5 bæir slái sér saman. Ákveðið var að hittast einu sinni í hálfum mánuði, annan hvorn sunnudag. Klúbbarnir geta verið svo margir, sem konur óska eftir og velja sér þægilegast.

Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

101. fundargjörð.

Aðalfundur var settur og haldinn í Kvenfél. Freyja 16. febr. 1950. 17 félagskonur voru mættar.
Form. Fríða Sigurbjörnsdóttir setti fundinn og bauð konur velkomnar, lét hún þess getið, að nú byðti margt að starfa á þessum fundi, en mest aðkallandi væri stjórnarkosning.

Dagskrá fundarins.

1. Reikningar félagsins. Féhirðir las upp reikninga félagsins. Eignir þess eru nú Kr. 3,184,74 og í spunavélarsjóði Kr. 1,317,55. Reikningarnir voru samþykktir.
2. Saumakona. Fundurinn upplýsti að tvær starfandi saumakonur væru nú á Hvt. Væri ekki útilokað að hægt væri að fá þær til að vinna nú á félagssvæðinu, hjálpa konum með að sníða og sauma. Áhugi lýsti sér hjá konum að reyna að fá aðra þeirra um tíma og var að lokum samþykkt að fela formanni fél. að leita upplýsinga þessu viðvíkjandi.

3. Bréf frá Kv.fél. S.Í. Samkvæmt ályktun síðasta lands-
þings hefir verið ákveðið, að fjölga hefti af tímariti
Kv.fél. S.Í. komi út nú síðara hluta vetrar. Ritinu
hefir verið valið nafnið „Húsfreyjan" og er óskað
eftir að kvenfélögin stuðli að útbreiðslu þess. Málið
Lesið rætt og tekið út af dagskrá.

4. Stjórnarkosning. Formaður kosinn Fríða Sigurbjörnsd.
vara form. Ingibjörg Ólafsdóttir. Ritari félagsins
Margrét Jóhannesdóttir, vara ritari Ella Guðmunds-
dóttir. Féhirðir Guðrún Daníelsdóttir.

5. Fundurinn samþykkti að hækka spunavélar gjaldið
þannig, að í staðinn fyrir 15 aura á einfalda hespu
verði nú 15 aurar og á tvinnaða hespu 25 aura fyrir
13 aura.

Ein kona sagði sig úr fél. Kristín Gunnarsdóttir.
Þakkar hún Freyju liðin ár og óskar félaginu allrar
blessunar í framtíðinni. Fundurinn samþykkti að
gjöra hana að heiðursfélaga í Kvenfélaginu.

Félaginu barst að gjöf falleg og vönduð kaffikanna frá

Sigríði Jónsdóttir frá Krappstöðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

## 102. fundargjörð

Fundur var settur og haldinn í kvenfél. „Freyja" að Víðikeld- 29. okt. 1950. 9 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar, gat hann þess, að þetta væri fyrsti kvenfél. fundur sem haldinn væri eftir fráfall formanns félagsins Jónínu S. Líndal, sem dó á s.l. sumri. Risu konur úr sætum í virðingarskyni við þá látnu.

Dagskrá fundarins:

1. Réttardagurinn. Féhirðir skýrði frá því að 1340,00 kr brutto hefðu komið inn á réttardagana. Af því er borgað til Guðrúnar Danielsdóttur 150,00 kr. og til Sigurbjargar Baldurs-dóttur 150,00 kr. Netto tekjur af kaffisölunni voru 737,00 kr.

2. Jólatrésskemmtun. Fundurinn ákvað að reyna að koma á

jólatrésskemmtun fyrir börn um jólin. Kosningu hlutu eftirtaldar konur í undirbúningsnefnd: Guðrún Guðmundsdóttir, Heiða Skúladóttir, Sigurbjörg Bárðardóttir, Elísabet Gísladóttir og Margrét Jóhannesdóttir.

Ennfremur ákvað fundurinn að koma fljótlega á skemmtun. Eftirtaldar konur voru kosnar í undirbúningsnefnd. Jósefína Björnsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Erla Guðmundsdóttir.

3. Dvalarheimili. Hv. bandið hefir ákveðið að hvert félag innan sambandsins haldi eina skemmtun árlega til ágóða fyrir heimilið. Einnig ákvað fundurinn að Kv. fél. „Freyja“ gæfi minningargjöf um fyrverandi formann félagsins Jónínu S. Líndal. Skyldi sú gjöf ganga til Dvalarheimilins. Bíður það til aðalfundar að ákveða upphæðina. Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

# 103. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Víðihlíð 18. febr 1991 í kvenfél. „Freyja". 9 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi fyrir ritara Margréti Jóhannsdóttur.

## Dagskrá fundarins:

1. Lesnir reikningar félagsins. Þeir samþykktir.
2. Minningargjöf. Á síðasta fundi var ákveðið að gefa minningargjöf um Jóninu S. Líndal. Stungið var upp á kr 2000,00. Var það borið upp fyrir fundinn og samþykkt.
3. Lesið upp bréf frá formanni K.B. K.F.S.Í getur útvegað K.B. matreiðslukonu á komandi vori. Ennfremur eiga félögin kost á að fá konu til fyrirlestra halda, félögunum að kostnaðarlausu. Fundurinn ákvað að hafna boðinu með matreiðslukennslu, en dálítill áhugi var hjá konum að sinna hinu tilboðinu. Heldur sú kona erindi um innréttingu og skipulag húsa og sýnir skuggamyndir í því sambandi.

Fundurinn ákvað að láta bíða til næsta fundar að taka ákvörðun með þessa konu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannsdóttir
(ritari)

107. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn að Víðihlíð í Kvf. „Freyja" 7. nóv. 1951. 14 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar.
Ritari kosinn Margrét Jóhannsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Réttardagar. Ekki var fyllilega hægt að ganga frá kostnaði við undirbúning kaffisölunnar sökum ófullnægjandi upplýsinga, en útborgun fyrir vinnu réttardagana var, til Guðrúnar í Dal kr. 200,00 og til Sigurbjargar í Brautarlandi kr. 150,00. Áætlaðar nettótekjur af sölunni kr. 1870,00

2. Skemmtun. Fundurinn ákvað að reyna að koma á skemmtun seinni hluta vetrar. Undirbúnings nefnd var kosin og hlutu eftirtaldar konur kosningu:
Kristín Fitjum, Guðrún Fitjum, Kristín Króki, Sigríður Stóraköl, Ella Auðunarstöðum og Margrét St.-Ásgeirsá.

3. Spunavélarnar. Engin ákvörðun var tekin um það hvernig þær skiptust niður, áttu konur að ráða því, eftir sínum ástæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

105. fundargjörð.

5. febrúar 1952 var fundur settur og haldinn að Víðihlíð í kvenfél. „Freyja". 11. konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og nefndi ritara Margréti Jóhannesd.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar fél. Féhirðir las upp reikninga félagsins, voru þeir bornir upp og samþykktir.

2. Bréf frá formanni H. B. Efni þess var á þá leið, að hvetja konur til að vera duglegar að safna fyrir Dvalarheimilið annaðhvort með beinum fjárframlögum, eða sem svaraði þriggja til fjögra daga vinnu. Töluverðar umræður urðu um málið og fundurinn áleit nauðsynlegt að halda þessu máli vakandi, en hann sá sér ekki fært að taka neina ákvörðun um fjáröflunar leiðir fyrir heimilið að svo stöddu.

3. Skemmtun. Fundurinn ákvað að koma á skemmtun í vetur til ágóða fyrir Dvalarheimilið. Stjórn fél. og undirbúningsnefnd var falið að auglýsa hana og annast allan

undirbúning.

4. Stjórnarkosning. Margrét Jóhannesdóttir baðst undan endurkosningu, en hún hefir verið ritari fél. samfleytt frá 1919.
Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsdóttir formaður.
Ingibjörg Ólafsdóttir ritari og Guðrún Danielsdóttir féhirðir
Varastjórn: Herdís Sturludóttir formaður, Erla Guðmundsdóttir ritari og Sigríður Konráðsdóttir féhirðir.

5. Fulltrúa kosning á K. B. fund n. k. vor.
Kosningu hlutu: Herdís Sturludóttir og Erla Guðmundsdóttir
Til vara: Guðrún Danielsdóttir og Sigurbjörg Þórðardóttir.
Erla Guðmundsdóttir Auðunarstöðum, bauð fundarkonum að næsti fundur yrði haldinn þar heima, var því boði tekið með þökkum.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari.)

106. fundargjörð.

Ár 1952 25 mars var fundur haldinn í kvenfél. „Freyja" að Auðunarstöðum I. 16 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Ágóði af skemmtuninni, sem haldin var 24 feb. var 1295.00 kr., hreinn ágóði 856.00 kr. Konur gáfu allt sem þurfti til baksturs. Ágóðinn rennur til Dvalarheimilisins.

2. Hlutavelta. Formaður óskaði eftir að konur sæju einhverja leið til að afla fjármuna fyrir Dvalarheimilið. Taldi hann nauðsyn á að hvert félag innan K. B. hugsaði sér einhverja fjáröflunarleið og bæri það upp fyrir næsta fund sambandsins.

Fundurinn lét í ljósi áhuga á að afla á einhvern hátt fjármuna fyrir heimilið. Tillaga kom fram um að skora á stjórn K.B. að vera vel á verði. með að hagnýta sem best þær gjafir sem K.B. kunna að berast.

3. Húsbygging. Fram kom mikill áhugi hjá fundarkonum um að koma upp húsi við réttina til afnota fyrir kvenfélagið við kaffisölu réttardagana. Var mikið rætt um málið. Eftirfarandi tillögu báru þar fram Fríða Sigurbjörnsd. og Herdís Sturludóttir:

„Fundurinn óskar eftir, að leitað sé upplýsinga hjá hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hvað hreppurinn vill leggja fram til þess að unt sé fyrir kvenfélagið „Freyju" að starfrækja kaffisölu þegar réttarstörf fara fram. Kvenfélagið sér, sér ekki fært að leggja einsamalt í þann mikla kosnað

er af skírbyggingu hlýtur að leiða. En vill
þó leggja eitthvað af mörkum eftir samkomu-
lagi, gegn því að hafa einkaleyfi til kaffisölu
við réttina." Var tillagan samþykkt samhljóða.
Ingibjörgu Ólafsdóttir var falið að koma tillögunni
á framfæri við hreppsnefndina.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

10. 7. fundargjörð

Ár 1952 20 júlí var fundur haldinn í kven-
félaginu „Freyja" að Auðunarstöðum II. 6 konur
voru mættar. Form. félagsins setti fundinn
en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesd.

Dagskrá fundarins:

1. Fyrir fundinum lá bréf frá Kvennabandi
V-Hún. þess efnis hvort félagskonum þykir

ráðlegt að kaupa hús. sem K.B. stendur
til boða vestur í Miðfirði á kr. 140 þúsundir.
Eigandi hússins: þarf að fá svar sem fyrst
þessu viðvíkjandi, en erfitt fyrir fundarkonur
að taka ákvörðun um svona stórmál á
fámennum fundi. Mikið var rætt um málið,
og að síðustu, samþykkti fundurinn fyrir sitt
leiti, að húsið yrði keypt.

2. Bygging við réttina. Fundurinn samþykkti að
fela Margréti Jóhannesd. að leita álits Þorvaldar
Teitssonar Víðidalstungu um kostnaðaráætlun og
smíði á skúr við réttina fyrir kaffisölu á
réttardagana.

3. Kaffisala réttardagana. Guðrún Daníelsd. og
Sigurbjörg Þórðardóttir tóku að sér kaffisöluna
en eftirtaldar konur baksturinn: Ingibjörg Jónsdóttir
Herdís Sturludóttir, Herdís Jóhannesdóttir, Hrefna

Hinriksdóttir og Sigurbjörg Þórðardóttir.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.
Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

108 fundargjörð.

Ár 1952. 6. ágúst var fundur settur og haldinn, í kvenfélaginu „Freyja", að Víðihlíð. 11 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Skúrbygging við rittina. Friðrik Karlsson mætti á fundinum og lofaði að taka að sér smíði á húsinu ásamt Þorvaldi Teitssyni. Samþykkti fundurinn að fela þeim Ingibjörgu Ólafsdóttur og Erlu Guðmundsdóttur að semja við smiðina um bygginguna á skúrnum, annað hvort í akkorðs vinnu eða á annan hagkvæman

hátt. Kvenfélagið verður eitt um þessa byggingu, að öðru leyti en því, að hreppurinn leggur til dálítið efni og ennfremur leyfir hann kvenfél. að byggja skúrinn á landi því, sem hreppurinn á, endurgjaldslaust.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

109 fundargjörð.

Ár 1952, 19 október var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja", að Víðihlíð. 9. konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Ingibjörgu Ólafsd.

Dagskrá fundarins:

1. Kaffisala réttardagana. Brúttótekjur 3520.00 kr. útgjöld, 778.00 kr., nettótekjur 2742.00 kr.
2. Formaður skýrði frá því að kvenfélaginu hefði

verið gert tilboð um að gefa því trjáplöntur til gróðursetningar, gegn því að kvenfélagið kostaði girðingu umhverfis reitinn. Málið var dálítið rætt og samþykkt að taka það fyrir á næsta fundi.

3. Guðrún Danielsdóttir stakk upp á því að hver kona gæfi 20 kr. til kvenfélagsins og var það samþykkt, einnig að mætti gefa prjónles í stað peninga.

4. Ákveðið var að halda skemmtun eftir 3. vikur. Eftirtaldar konur tóku að sér bakstursinn: Ingibjörg Jónsdóttir, Guðrún Danielsdóttir, Ingibjörg Ólafsd Fríða Sigurbjörnsdóttir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

110 fundargjörð.

'Ár 1953 5 marz var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja", að Víðihlíð, það var aðalfundur.
10. konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Sigríði Konráðsdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Rætt var um matreiðslunámskeið, enginn áhugi var hjá konum fyrir því.
2. Reikningar félagsins lesnir upp og samþykktir. Inn kom fyrir skemmtun í nóv. 1952, 960.00 kr. brúttó, til kostnaður 480.00. kr.
3. Formaður gat þess að hjónin á Auðunarst., Jóhannes og Ingibjörg, gáfu innréttingu í eldhús í veitingaskúrnum við réttina. Einnig að Axel Guðmundsson gæfi eldavél í skúrinn.
4. Lesið var, upp bréf frá formanni K. B., þess efnis að biðja um gjafir til happdrættisins, fyrir væntanlegt

dvalarheimili aldraðs fólks.

5. Rætt var um saumanámskeið og voru konur því hlynntar, ef hægt yrði að fá saumakonu til að halda námskeið.

6. Borið var upp á fundinum hvort félagskonur ætlu að fá garðyrkjukonu á komandi vori, til leiðbeiningar við garðrækt. Enginn áhugi var fyrir því.

7. Agnar Gunnlaugsson bauðst til að gefa kvenfélaginu trjáplöntur á síðastliðnu hausti. Fundurinn felur Margréti Jóhannesdóttur að skrifa Agnari og fá leiðbeiningar hjá honum um niðursetningu plantanna.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

iii fundargjörð.

'Ár 1953, 28 maí, var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja" að Víðihlíð. 10 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Herdísi Sturludóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður las upp bréf frá U. M. F. „Víðir." þar sem farið er á leit við kvenfélagið að það taki þátt í viðbótarbyggingu við samkomuhúsið Víðihlíð. Allar konur voru því samþykkar að kvenfélagið legði í húsið, eftir efnum og ástæðum. Var stjórninni falið að semja við ungmennafélagið.
2. Kosnir voru 2. fulltrúar á sambandsfund K. B. Kosningu hlutu: Erla Guðmundsdóttir og Herdís Sturlud., með hlutkesti milli hennar og Sigurbjargar Þórðardóttur. sem kosinn var varafulltrúi ásamt Ingibjörgu 'Ólafsd.
3. Að lokum var unnið að undirbúningi sambands-

fundsins, sem haldinn verður á vegum kvenfélagsins „Freyju" að þessu sinni.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

112 fundargjörð.

'Ár 1953 6 sept var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja" að Víðihlíð. 9 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Réttardagarnir. Guðrún Daníelsdóttir var kosin einróma til að sjá um kaffisöluna, réttardagana, ásamt annari konu. Eftirtaldar konur voru kosnar til að annast bakstur fyrir réttardagana: Guðrún Daníelsd., Jósefína Björnsdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, og Margrét Jóhannesdóttir.

2. Plöntugjafir. Samþykkt var á fundinum að taka þakksamlega á móti trjáplöntu gjöfum til kvenfélagsins, frá Agnari Gunnlaugssyni Kolugili. Ekki var hægt að svo stöddu að taka ákvörðun með það, hvar land yrði fengið til gróðursetningar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

113 fundargjörð.

Ár 1954 8 janúar var fundur settur og haldinn, í kvenfélaginu „Freyja", að Sporði. 12 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Réttardagarnir. Þrjár konur ákváðu að gefa bökunina í þetta skipti. þær: Erla Guðmundsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Brúttótekjur af

kaffisölunni voru, 3020,00 kr., útgjöld 724,00 kr., nettótekjur 2296,00 kr.

2. Gjöf til sambandsins á skemmtun þess s.l. sumar 280,00 kr.. frá kvenfél. „Freyja."

3. Samþykkt frá síðasta sambandsfundi, sem haldinn var s.l. vor, um að leita álits kvenfelaganna. hvort félögin ættu að óska eftir samstarfi við sýslunefndina með byggingu og rekstur væntanlegs dvalarheimilis. Gengið var til atkvæða með málið, var það samþykkt í einu hljóði.

4. Plöntugirðing. Fundurinn ákvað að velja sem fyrst stað og sjá um kaup á efni í girðingu utan um ~~trjá~~-plöntur þær, sem fél. standa til boða frá Agnari Gunnlaugssyni, sem gjöf.

5. Afmælisgjöf. Samkvæmt samþykkt Kvennabandsins frá s.l. vori. um að gefa frú Jósefínu Helgadóttur sálmabók á sextugs afmæli hennar 30 júlí s.l. kom

í hlut hvers félags til útborgunar, næst 200,00 kr.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.
Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari.)

114. fundargjörð.

Ár 1954 4 maí var aðalfundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja" að Auðunarstöðum II. 11 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Sigríði Konráðsdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Lesnir upp reikningar félagsins og samþykktir.
2. Rætt var um og samþykkt að setja niður trjáplönturnar í námunda við Víðihlíð, ákveðið var að panta 60 staura, vír og virnet og girða dagsláttu.
3. Kvenfélagið hefur ákveðið að taka þátt í viðbótar bygginga við félagsheimilið Víðihlíð, rætt var um það mál á fundinum og kosin ein kona í bygginganefnd og til

að mæla á fundi. því viðvíkjandi, kosin var
Herdís Sturludóttir.

4. Kosningar: Stjórnin var öll endurkosin.
Kosnar voru tvær konur á sambandsfund, þær:
Friðbjörg Ísaksdóttir og Sigurbjörg Þórðardóttir. Til vara:
Anna Teitsdóttir og Herdís Sturludóttir. Kosnar voru fimm
konur í skemmtinefnd. þær Friðbjörg Ísaksdóttir, Sigríður
Konráðsdóttir, Herdís Sturludóttir, Erla Guðmundsdóttir og
Kristín Ásmundsdóttir. Ákveðið var að kven félagið héldi
skemmtun fljótlega.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
ritari.

115 fundargjörð.

'Ar 1954 5 september var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja." að Víðihlíð. 11 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Ingibjörgu 'Olafsdóttur.

Dagskrá fundarins:

Aðeins eitt mál var á dagskrá; Kaffisala réttardaganna. Eftirtaldar konur tóku að sér baksturinn. Anna Teitsd. Guðrún Ingadóttir, Elísabet Gísladóttir, Kristín Árnad. og Jónína 'Arnadóttir. Rætt var um að breyta til um fyrirkomulag við kaffisöluna, þannig, að konur skiptist á um að taka að sér veitingarnar. tvær í einu, endurgjaldslaust. Þónokkrar umræður urðu um málið, að síðustu var ákveðið að fela þeim Guðrúnu Danielsdóttur og Sigurbjörgu Þórðard. að sjá um kaffisöluna þetta sinn eins og hefir verið, gegn borgun. Einnig var rætt um að kvenfél. hefði skemmtun um réttirnar. lítill áhugi var fyrir því og samþykkt að gera það

ekki.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.
Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari.)

116 fundargjörð.

Ár 1954, 17. október, var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja“ að Auðunarstöðum II. 12 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesd.

Dagskrá fundarins:

1. Féhirðir skýrði frá ágóða af kaffisölu réttardaganna. Brúttótekjur voru 2900.00 kr., útgjöld 845,88 kr. og nettótekjur 2054.12 kr.
2. Saumastúlka. H. B. býður stúlku til að ferðast um á félagssvæðinu og hafa saumanámskeið. Leitað hefur verið eftir því hjá konum hvort þær vildu saumakonu. Fundurinn ákvað að taka hana, stuttan tíma ef næg þátttaka fengist.

3. Garðyrkjukona. Kvenfél. stendur til boða garð-
yrkjukona á næsta vori, í samráði við kvenfél.
í Hrútafirði. Konur voru þessu hlynntar, en
ekki var tekin fullnaðarákvörðun með málið
á fundinum, en formanni var falið að grenn-
ast betur eftir öllu þessu varðandi.
4. Fundurinn ákvað að reyna koma á barnaskemmt-
un um hátíðarnar. Skemmtinefndinni var
falið að sjá um allan undirbúning.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari.)

117 fundargjörð.

Ár 1955 27 mars var aðalfundur settur og haldinn
í kvenfélaginu „Freyja" að Auðunarstöðum II
12 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn
en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesd.

Dagskrá fundarins:

1. Reikningar félagsins. Gjaldkeri las upp reikninga

félagsins frá fyrra ári. Voru þeir bornir upp til atkvæða og samþykktir.

2. Skemmtinefndin gjörði grein fyrir gjöldum á barnaskemmtuninnia á s.l. vetri. það sem eftir stóð að borga gáfu konurnar.

3. Kosningar: Stjórnin var öll endurkosin. Fulltrúar til að mæta á sambandsfundi Sigurbjörg þórðard. og Friðbjörg Ísaksdóttir, til vara Erla Guðmundsd. og Ingibjörg Ólafsdóttir. Endurskoðendur: Margrét Jóhannesd. og Herdís Sturludóttir. Skemmtinefnd, kosningu hlutu; Kristín Ásmundsdóttir, Friðbjörg Ísaksdóttir, Sigríður Konráðsdóttir, Guðrún Ingadóttir og Ingibjörg Ólafsd.

4. Einni konu er boðið úr stjórnum kvenfélaga af kvenfélagasambandi Íslandi, í skemmtiferðalag á n.k. vori. Kosin var Fríða Sigurbjörnsdóttir.

5. Lesið var upp bréf frá Agnari frá Kolugili þess efnis að kvenfél. þyrfti að mæla trjálundinn, sem hann gaf kvenfél. á s.l. vori og sækja um styrk til skógræktar félags ríkisins. Ennfremur kom tillaga

frá formanni um að kvenfél. sendi Ragnari
þakkarávarp skrautritað í viðurkenningarskyni
fyrir hans höfðinglegu gjöf til kvenfél. Var
formanni falið að sjá um þetta og koma því til
viðtakanda.

6\. Herdís Sturludóttir lagði fram teikningar af fyrir-
huguðu samkomuhúsi ásamt fundargjörðum um
byggingarmálið, en hún er starfandi í byggingar
nefndinni, kosin af kvenfél. Var hún kosin full-
trúi áfram fyrir kvenfél. hönd.

7\. Friðbjörg í Hrísum kom með þá tillögu að hækka ætti
tillagið í kvenfél. upp í 20 kr. Var það samþykkt.
Ein kona sagði sig úr kvenfél. Guðrún Guðmundsd.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

118 fundargjörð

Ár 1955 1 júní var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja“ að Víðihlíð. 5 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður skýrði frá bréfi sem borist hefði frá K.B. þess efnis- hvort kvenfél. „Freyja“ væri því samþykkt að K.B. gæfi 200,00 þús. til fyrirhugaðar byggingar á dvalarheimili og sjúkraskýli, sem sýslan hyggst að byggja á næsta ári. Umræður urðu um málið og lýstu konur yfir ánægju sinni yfir því að málið væri komið á þennan grundvöll og svo langt áleiðis. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að kvenfél. „Freyja“ væri því fylgjandi að K.B. gæfi þessa upphæð.

2. Fram hafði komið beiðni frá K.B. að fá lánað tjaldið sem kvenfélagið á. og var lánað. til að selja gos-

drykki og þesshállar. Fundurinn ákvað að láta K.B. hafa tjaldið sem, þessa árs framlag frá kvenfél. 600,00 kr.

3. Kosin var kona til að vinna á skemmtun K.B. kosin var Sigríður Konráðsdóttir.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari.)

119 fundargjörð.

Ár 1955 4 des. var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja" að Auðunarstöðum II. 10 konur voru mættar. Form. félagsins setti fundinn, en nefndi til fundarritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Lesið upp þakkarskeyti, frá formanni K.B. fyrir tjald, er kvenfél. „Freyja" gaf K.B. til afnota, s.l. sumar.
2. Kaffisala réttardaganna. Brúttótekjur kr. 3505.00, útgjöld kr. 970.00, nettótekjur kr. 2535.00.

3. Samkomustaður. Tillögur komu frá stjórn K.B. og frá kvenfél. „Freyja“ um að hinar árlegu samkomur K.B. verði í framtíðinni haldnar til skiptis í hreppunum. Fundurinn ákvað, að næsta skemmtun yrði haldin á Hvammstanga n.k. sumar.

4. Áskorun frá síðasta landsþingi K.F.Í. þess efnis, að öll kvenfélög söfnuðu drögum að stofnun og sögn félaganna. Fundurinn ákvað að kvenfél. „Freyja“ sendi skýrslu frá sínu félagi. Stjórn K.F.Í. annast um framkvæmdir málsins.

5. Jólatrésfagnað fyrir börn ákvað fundurinn að hafa um jólin, í svipuðu horfi og s.l. vetur. Eftirtaldar konur voru kosnar til að hugsa um undirbúning fyrir skemmtunina: Ingibjörg Ólafsdóttir Sigurbjörg Þórðardóttir, Erla Guðmundsdóttir og Friðbjörg Ísaksdóttir.

6. Tillaga kom frá Margréti Jóhannesdóttur um að kvenfél. keypti kyrtla til að gefa Víðidalstungukirkju. Var málið rætt og samþykkt í einu

hljóði. Fundurinn ákvað að útvega 6 kyrtla tilbúna fyrir næsta vor.

7. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi K.B. er haldinn var að Hárastöðum sl. vor.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

## 120. fundargjörð.

Ár 1956 24. apríl var aðalfundur settur og haldinn í Kv. félaginu „Freyja" að Auðunarstöðum. 17 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og kaus fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttur

1. Lesnir upp reikninga félagsins og samþykktir

2. Kvennabandsskemmtunin. Ákveðið er, að sú skemmtun verði haldin 17. sunnudag í sumar að Hvammstanga. Nú eiga að vinna að sölu, kvenfél. Freyja og Kv. fél. í Vesturhópi.

3. Skemmtisamkoma, til ágóða fyrir fél. Í skemmtinefnd voru kosnar: Kristín Fitjum, Herdís Sólbakka, Jósefína Galtanesi, Guðrún Hrappsstöðum og Erla Guðmundsdóttir Auðunarstöðum

Til fjáröflunar ákvað fundurinn að hafa bögglauppboð og að hver kona

gafi 3 böggla. Barnaskemmtun var haldin eftir áramótin.
Jólasveinn var Fríða Sigurbjörnsdóttir í nýjum búning, sem Margrét Jóhannesdóttir gaf félaginu. Voru börnin mjög ánægð með jólasveininn.
Þakkarskeyti ~~barst~~ fundinum frá féhirði H. B. fyrir Kr. 500.00, minningargjöf (um Sigrúnu Jónsdóttur Holugili) í Dvalarheimilis-sjóðinn frá Kv. fél. „Freyja“
Jónína Árnadóttir Finnmörk óskaði eftir úrsögn úr félaginu.
Kosnar voru tvær konur á sambandsfund, þær: Anna Teitsdóttir og Herdís Sturludóttir. Til vara: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir. Stjórnarkosning: Form. Fríða Sigurbjörnsd. féhirðir Guðrún Daníelsdóttir og ritari Margrét Jóhannesdóttir. Varastjórn endurkosin. Fríða Sigurbjörnsdóttir hlaut kosningu í fjáröflunarnefnd fyrir Dvalarheimilissjóðinn.
Samþykkt var tillaga frá Herdísi Sturludóttur þess efnis, að konur gæfu Kr. 50.00 til félagsbyggingarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir

(ritari.)

121. fundargjörð.

Ár 1956 2. sept var fundur haldinn í kvenfél. Freyja að Auðunarstöðum. 6 konur voru mættar.

Fundarstjóri Guðrún Daníelsdóttir.

Rætt var um nafn á trjálundi fél. Samþykkt var að hann yrði nefndur „Freyjulundur." Því næst var kosið í réttarnefnd.

Kosningu hlutu: Ingibjörg Ólafsdóttir, Erla Guðmundsdóttir, Jósefína Björnsdóttir, Herdís Jóhannesdóttir og Hrefna Hinriksdóttir.

Á sambandsfundi s.l. vor, var ákveðið að kjósa eina konu frá hverju fél. til að annast undirbúning fyrir 70 ára afmæli K.B. sem haldið verður ~~eftir tvö~~ ár. Kosningu hlaut Herdís [illegible]dóttir

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir

(ritari)

122. fundargjörð.

Ár 1956 25. nóv. var fundur haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Auðunarstöðum. 10 konur voru mættar.

1. Formaður las upp bréf frá formanni H. B. þess efnis, að félögunum stendur til boða kona frá Kvenfélagasambandi Íslands til að halda námskeið innan félaganna. Konur töldu sig ekki geta sinnt því boði.

2. Kaffisala réttardagana. Brúttotekjur kr. 3510.oo. Útgjöld kr. 909,oo. Nettotekjur 2601.

3. Félagsheimilið. Fulltrúi fél. í byggingarnefnd gjörði grein fyrir kostnaði félagsins. Félaginu ber að borga á þessu ári kr. 15,783. Greiddar hafa verið kr. 10 þúsund. Gefin vinna frá félagskonum kr. 2754,64

4. Afmæli H. B. Form. las upp fundargjörð frá fundi, sem haldinn var í H. B að Laugarbakka föstudaginn 14 sept. 1956. Á þeim fundi var rætt um væntanlega afmælishátíð H. B 1958. En þá verður félagið 40 ára. Ingibjörg Ólafsdóttir bar fram þá tillögu, að afmælishófið verði aðeins fyrir félagskonur og gesti þeirra og voru fundarkonur því samþykkar

5. Barnaskemmtun. Fundurinn samþykkti að halda barnaskemmtun um hátíðarnar eins og að undanförnu. Þessar konur voru kosnar til að sjá um skemmtunina: Erla Guðmundsdóttir, Jósefína Björnsdóttir Sigurbjörg Þórðardóttir og Herdís Sturludóttir.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

123. fundargjörð.

Aðalfundur kvenfél. „Freyju“ var haldinn að Auðunarstöðum 16. apríl 1957. 9 konur voru mættar. Fundarritari kosinn Sigríður Konráðsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður fél. las upp lög fél. og gjörði grein fyrir breytingu á 4. gr. laganna þannig: „Til þess að hafa stjórn félagsins á hendi kýs fél. 3ja manna stjórn, formann, ritara og gjaldkera og aðra þrjá til vara. Á hverjum aðalfundi sé kosin stjórn félagsins þannig, að ein kona gengur úr hverju sinni, en þær sem kosnar eru, eru skyldugar að vera þrjú ár“.

2. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
3. Formaður las upp 2 bréf. frá bréfaskóla Kvenfélaga sambands Íslands um félagsmál og fundarstjórn.
4. Kosin skemmtinefnd. Þessar konur hlutu kosningu: Friðbjörg Ísaksdóttir, Kristín Ásmundsdóttir, Jósefína Björnsdóttir Guðrún Ingadóttir og Sigríður Konráðsdóttir
5. Kosnar konur á sambandsfund. Kosningu hlutu: Herdís Sturludóttir og Margrét Jóhannesdóttir. Til vara: Sigurbjörg Þórðardóttir og Guðrún Danielsdóttir.
Ákveðið var, að 4 konur fari til að vinna við skemmtun K.B. á komandi sumri. Eftirtaldar konur hlutu kosningu: Sigurbjörg Þórðardóttir, Jósefína Björnsdóttir Herdís Jóhann-esdóttir og Hrefna Hinriksdóttir.
6. Skemmtisamkoma. Fundurinn samþykkti að hafa skemmtun á vegum Kvenfél. á komandi vori, ennfremur að hafa böggla-uppboð og hver félagskona gefi 2 böggla.
7. Tekin ákvörðun um það, að félagskonur sjái um veitingar á skemmtunum ungmennafélagsins, þannig, að 3 konur annist um veitingar hverju sinni.

8. Stjórnarkosning. Formaður, Fríða Sigurbjörnsdóttir var endurkosin.
Fleiri mál voru ekki á dagskrá.

Fundi slitið.
Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

124. fundargjörð.

Ár 1957, 3. des. var fundur settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja" að Auðunarstöðum. 11 konur voru mættar. Ein kona gekk í félagið, Ólína Sigtryggsdóttir Litlu-Ásgeirsá. Var henni vel fagnað. Formaður bauð konur velkomnar og minntist 40 ára afmælis félagsins. Rifjaði hann upp störf félagsins á liðnum árum, er það undravert hvað svo fámennt félag hefir hrint mörgum góðum málum í framkvæmd, með lítil efni og að ýmsu leyti erfið skilyrði.
Fundurinn lét í ljósi ánægju sína yfir því, að Kristín Gunnarsdóttir Auðunarstöðum, sem í mörg ár var aðalféhirðir félagsins er nú flutt í félagssvæðið aftur og starfar á ný í félaginu, eftir 12 ára fjarveru.

Dagskrá fundarins:

1. Réttardagarnir. Brúttó tekjur af kaffisölunni voru, 4015,oo kr. útgjöld 963,oo kr. nettótekjur 3072,oo kr.

2. Til skýringar fyrir félagskonur, las formaður upp síðustu fundargjörð K.B. þar sem rætt var um fyrirhugaða afmælishátíð n.k. vor.
3. Barnaskemmtun. Skemmtinefndin sér um undirbúning fyrir samkomuna, sem hugsuð er með svipuðu sniði, sem að undanförnu.
4. Minningargjöf. Kristín Gunnarsdóttir bar fram þá ósk til félagsins, að það minntist látinnar félagskonu, Aðalheiðar Jónsdóttur Húsum á 70 ára ~~félagsins~~, afmæli félagsins með 500,00 Kr. minningargjöf. Voru félagskonur því samþykkar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

125. fundargjörð.

Ár 1958, miðvikudaginn 28. mars, var fundur settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Sólbakka. 18 konur voru mættar.
Ein kona gekk í félagið, Ingveldur Björnsdóttir Dæli.
Formaður setti fundinn og nefndi til fundarritara Ingibjörgu Ólafsdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
2. Formaður las upp lög félagsins.
3. Kosningar. Kosinn gjaldkeri, Erla Guðmundsdóttir og til vara Sigurbjörg Þórðardóttir. Skemmtinefnd, kosningu hlutu: Erla Guðmundsdóttir, Ólína Sigtryggsdóttir, Jósefína Björnsdótt. Ingibjörg Jónsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir.
Fulltrúar á sambandsfund: Sigurbjörg Þórðardóttir og Guðrún Daníelsdóttir. Til vara: Herdís Sturludóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
4. Rætt var um hina fyrirhuguðu heimilisiðnaðar sýningu, sem halda á í vor, á afmæli H.B. Konur voru á einu máli um það, að eins mætti sýna grófa vinnu, t.d. lista og annað þ.h., eins og fínni vinnu

veggteppi, dúka, púða o.fl. Einnig að taka ýmislegt, sem unglingar hafa unnið.

5. Kristínu Gunnarsdóttur, gjaldkera K. B. var afhennt sparisjóðsbók með innlögðum Kr. 1132,oo, sem hún f. h. K. B þakkaði fyrir.

6. Formaður ræddi um félagsmál almennt, bæði Kvenfélags og ungmennafélags. Fannst formanni nauðsynlegt að stofna sjóð, til að kaupa fyrir hljóðfæri í Félagsheimilið, t.d. að Kvenfélagið léti 5-10 % af ágóða þeim, sem inn kemur fyrir kaffisölu félagsins á skemmtunum. Framsögukona bauðst til að kaupa sparisjóðsbók og leggja í hana frá sér einhverja upphæð. Voru konur þessu samþykkar.

7. Formaður ræddi um fyrirhugaða kirkjubyggingu. Óskaði eftir að Kvenfél. styrkti það að einhverju leyti, t.d. að halda skemmtun og gefa ágóðann af henni. Kristín Gunnarsdóttir stakk upp á því, að hafa hlutaveltu og Kvenfél. gæfi vinningana. Herdís Sturludóttir taldi að Kvenfél. væri ekki aflögufært með peninga framlög, meðan bygging Félagsheimilisins stendur yfir, þar sem fél. þarf að leggja fram háa upphæð, til þeirrar byggingar. Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt var, að Kvenfél. leggði ekki fram neina fjárupphæð, til kirkjubyggingar að sinni. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið. Margrét Jóhannesdóttir (ritari.)

126. fundargjörð.

Ár 1958, mánudaginn 5. mai, var fundur settur og haldinn í Kvenfél: „Freyja" að Hrísum. 17 Konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarritara Ingibjörgu Ólafsdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður skýrði frá því, að á nýafstöðnum fundi hjá H. B hefði verið rætt um hvernig haga skyldi fjárframlögum til dvalarheimilisins í framtíðinni, hvort haldið yrði áfram á sama grundvelli, eð Kvenfélögin yrðu losuð undan þeirri kvöð, að leggja fram bæði vinnu og einhverja fjárupphæð. Framkom svohljóðandi tillaga frá Herdísi Sturludóttur: „Fundurinn telur æskilegt, að létt sé kvöðum af Kvenfélögunum eftir því sem hægt er, t. d. beinum fjárframlögum, hinsvegar telur fundurinn að ekki megi koma fyrir að árshátíð H. B. leggist niður og vill að félagið leggi fram vinnu að sínum hluta".
Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Formaður beindi þeirri fyrirspurn til fundarins, hvort Konur væru því samþykkar, að hækkað yrði framlag Kvenfélagsins til H. B. úr Kr. 1132,00 í Kr. 1500,00. Var það samþykkt.

3. Kosnar Konur til að annast Kaffiveitingar á skemmtun H. B. Þessar Konur

kosningu: Herdís Sturludóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Guðrún Daníelsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir og Ólína Sigtryggsdóttir.

Fleira lá ekki fyrir. Fundi slitið

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

127. fundargjörð.

Ár 1958 sunnudaginn 31. ágúst var fundur settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Hróki. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Fundarritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir. Ein kona bættist í fél. Elinborg Halldórsdóttir Kambhól. Var henni vel fagnað.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður las upp bréf frá Kv. fél. Íslands, þar sem boðið er fram sýnishorn af ýmsum ullariðnaði og gefst Kvenfél. kostur á að fá ýmsar upplýsingar varðandi iðnaði. Samþykkti fundurinn að panta hringprjóna og mynstur.
2. Formaður las upp síðustu fundargjörð og tekið var yfirlit um síðustu skemmtun K.B. Var góður hagnaður af skemmtuninni og fólk ánægt með hana nú, sem undanfarandi sumur.

3. Kosið í réttarnefnd. Þessar konur eiga að annast bakstur: Kristín Árnadóttir, Kristín Ásmundsdóttir, Friðbjörg Húsum, Sigríður Konráðsdóttir, Fríða Sigurbjörnsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir.

Guðrún Daníelsdóttir tekur að sér að sjá um kaffisöluna réttardagana ásamt Sigurbjörgu Þórðardóttur. Fundurinn ákvað, að fél. keypti vaxdúk á borðið í samkomuhúsinu, sem notað er við kaffisöluna.

4. Formaður bar undir fundinn, hvort konur vildu taka þátt í kostnaði við gjöf til Gróu Oddsdóttur Þóroddsstöðum, sem á sextugsafmæli nú n.k. þriðjudag. Samþykkt var, að félagið kostaði gjöfina.

Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

128. fundargjörð.

Ár 1959, föstudaginn 2. janúar var fundur settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja" að Sporði. 9 konur voru mættar. Formaður félagsins setti fundinn og nefndi til fundarritara Ingibjörgu Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. mál. Lögð var fyrir fundinn tillaga frá formanni ungmennafélagsins og gjaldkera Kvenfélagsins svohljóðandi: Hvort Kvenfélagið vildi ekki borga kol, sem notuð yrðu á fundum og samkomum í Víðihlíð, en ungmennafélagið borgaði rafmagnið. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. mál. Kristín Gunnarsdóttir færði Kvenfélaginu kveðju og þakklæti frá ritara K. B. Gróu Oddsdóttur, fyrir gjöf, sem henni var gefin á 60 ára afmæli hennar í sumar. En Kvenfél. gaf henni blómavasa er kostaði Kr. 500,00 og einnig var henni sent heillaskeyti. Næsti fundur ákveðinn að Auðunarstöðum. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið. Margrét Jóhannesdóttir

(ritari)

129. fundargjörð.

Ár 1959 föstudaginn 27. marz var fundur settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja" að Auðunarstöðum. 11 konur voru mættar.
Formaður félagsins setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá fundarins:

1. mál. Lesnir upp reikningar félagsins. Voru þeir samþykktir samhljóða.
2. – – Réttardagurinn. Inn komu kr. 3600,00, útgjöld kr. 719,20.
3. mál Lagt var fram bréf frá áfengisvarnarnefnd Þorkelshólshrepps þess efnis, hvort Kvenfélagið myndi vilja stofna bindindisdeild innan Kvenfélagsins og síðan vinna að því í samvinnu við áfengisvarnarnefnd, að stofna til vín- og tóbaks-bindindis meðal æskufólks í sveitinni. Málið var rætt og voru konur á einu máli um það, að sjálfsagt væri að styðja málið eftir beztu getu. En töldu hinsvegar ekki ástæðu að svo komnu máli að stofna deild innan Kvenfélagsins
4. mál: Kosningar. Kosinn ritari félagsins, Margrét Jóhannesdóttir vararitari, Ingibjörg Ólafsdóttir.

Eftirtaldar konur voru kosnar fulltrúar á sambandsfund K. B.
Herdís Sturludóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir. Til vara: Guðrún
Daníelsdóttir og Friðbjörg Ísaksdóttir.
Kosin í gjörðfunarnefnd Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Skemmtinefnd: Ingveldur Björnsdóttir, Jósefína Björnsdóttir,
Sigríður Konráðsdóttir, Ólína Sigtryggsdóttir og Elínborg
Halldórsdóttir. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

130. fundargjörð.

Ár 1959 sunnudaginn 31. nóv. var fundur settur og haldinn
í kvenfél. „Freyja" að Þorkellshóli. 16 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Formaður las upp bréf frá Kv. félaga sambandi Íslands,
ásamt meðlögðu frumvarpi til laga, um orlof húsmæðra.

Var það greinagott bréf í 7 liðum, rætt var um málið, en lítill áhugi virtist vera ríkjandi hjá konum. Enginn ákvörðun var tekin á fundinum, en fulltrúum sem fara á næsta sambandsfund K.B. er veitt umboð til að taka þar ákvörðun í samráði við önnur félög innan sambandsins.

2. Formaður las upp bréf frá forráðamönnum „Styrktarfélags vangefinna“. Samkvæmt ósk fundarins var formanni falið að svara bréfinu.

3. Barnaskemmtun. Samþykkt var, að reyna að koma á barnaskemmtun þrátt fyrir kíghósta, sem er á sumum bæjum í sveitinni.

4. Réttardagurinn. Inn komu fyrir kaffisölu kr. 5006,00 þeim konum sem unnu við kaffisöluna, Guðrúnu Daníelsdóttur og Sigurbjörgu Þórðardóttur voru borgaðar kr. 300,00 hvorri. Nettó tekjur voru kr. 3,900,00.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.
Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

131. fundargjörð.

Ár 1960, 16 mars var aðalfundur settur og haldinn að Melrakkadal í Kv.-félaginu „Freyja“. 19 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi fyrir ritara Margréti Jóhannesdóttur

Dagskrá fundarins:

1. Plöntugjafir. Agnar Gunnlaugsson frá Kolugili hefir boðið félagskonum að gjöf plöntur í vor, einnig hefir K. B. von um að geta fengið hérðan garðyrkjufræðing til að leiðbeina í vor við gróðursetningu, ef nægileg þátttaka fæst.
Kvenfélagið „Freyja“ hefir þetta til athugunar, en svar til garðyrkjufræðingsins þarf að hafa borist honum fyrir marslok.
Fundurinn ákvað, að þiggja rausnarlegt boð Agnars Gunnlaugss.
2. K. B. gjörði þá fyrirspurn til félaganna, hvort félagskonur vildu heldur sameina sambandsfund K. B. og fjáröflunar~~fund~~ nefndarfund n.k. vor. Ræddu konur um, hvort æskilegra væri, yfirleitt fannst fundinum heppilegra að sameina fundina, tímans- og kostnaðar-vegna.

3. Reikningar félagsins. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins. Voru þeir yfirfarnir og samþykktir í einu hljóði.

4. Hljóðfærasjóður. Kvenfél. „Freyja" lagði fyrir á s. l. ári Kr. 300,00 í hljóðfærasjóð. Er ætlunin, er tímar líða, að kaupa hljóðfæri í samkomuhús sveitarinnar.

5. Kosningar. Formaður félagsins lýsti því yfir, að hún gæfi ekki kost á sér sem formanni eftirleiðis. Kosning féll þannig, að Herdís Sturludóttir var kosin formaður, með meiri hluta atkvæða. Til vara, Elinborg Halldórsdóttir.

Fulltrúar kosnir á sambandsfund K. B. Fríða Sigurbjörnsdóttir og Elinborg Halldórsdóttir. Til vara, Sigurbjörg Þórðardóttir og Margrét Jóhannesdóttir.

Skemmtinefndin var endurkosin, nema Jósefína Björnsdóttir baðst undan endurkosningu, í hennar stað var kosin Friðbjörg Ísaksdóttir. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)